

Þegar þú notar þjónustu okkar treystir þú okkur fyrir upplýsingunum þínum. Okkur er ljóst að slíku fylgir mikil ábyrgð og við leggjum mikið á okkur til að vernda upplýsingarnar þínar og setja þig við stjórnvölinn.

Markmið þessarar persónuverndarstefnu er að hjálpa þér að glöggva þig á hvaða upplýsingum við söfnum, af hverju við söfnum þeim og hvernig þú getur uppfært, stjórnað, flutt út og eytt upplýsingunum þínum.

Ef gagnaverndarlög Evrópusambandsins eða Bretlands gilda um úrvinnslu upplýsinganna þinna geturðu farið yfir [kaflann um kröfur innan Evrópu](#) hér að neðan til að fræðast meira um réttindi þín og um reglufylgni Google gagnvart þessum lögum.



Yfirferð persónuverndarstillinga

Viltu breyta persónuverndarstillingunum þínum?

[Fara í gegnum yfirferð persónuverndarstillinga](#)

Tekur gildi 15. nóvember 2023 | [Eldri útgáfur](#)

Við höldum úti þjónustum af ólíkum toga sem hjálpa milljónum manna á hverjum degi að kanna og eiga í samskiptum við umheiminn á nýjan hátt. Þjónustur okkar eru meðal annars:

- Google forrit, vefsvæði og tæki, eins og Google leit, YouTube og Google Home

- Verkvangar eins og Chrome vafrinn og Android stýrikerfið
- Vörur sem eru innbyggðar í forrit og vefsvæði þriðju aðila, eins og auglýsingar, greiningar og innfelld Google kort

Þú getur notað þjónustur okkar á ýmsa vegu til að stjórna persónuvernd þinni. Þú getur t.d. stofnað Google reikning ef þú vilt búa til og stjórna efni eins og tölvupósti og myndum eða til að geta fengið leitarniðurstöður sem eru meira viðeigandi. Þú getur líka notað ýmsar Google þjónustur eftir að þú hefur skráð þig út eða án þess að stofna reikning yfirhöfuð, t.d. leitað á Google eða horft á myndskaið á YouTube. Þú getur einnig kosið að vafra nafnlaust um netið með Chrome í huliðsstillingu. Þú getur líka breytt persónuverndarstillingum þínum í öllum þjónustum okkar ef þú vilt stjórna því hvaða upplýsingum við söfnum og hvernig upplýsingarnar þínar eru notaðar.

Við höfum bætt við dæmum, myndskaiðum og skilgreiningum á [lykilhugtökum](#) til að útskýra hlutina eins skýrt og hægt er. Ef þú hefur einhverjar spurningar varðandi þessa persónuverndarstefnu geturðu [haft samband við okkur](#).

UPPLÝSINGAR SEM GOOGLE SAFNAR

Við viljum að þú vitir um þær gerðir upplýsinga sem við söfnum þegar þú notar þjónustur okkar

Við söfnum upplýsingum til að veita öllum notendum okkar betri þjónustu – allt frá því að finna út grunnatriði eins og hvaða tungumál þú notar til flóknari atriða eins og [hvaða auglýsingar gætu gagnast þér](#), [hvaða fólk skiptir þig mestu máli á netinu](#) eða [hvaða myndskaið á YouTube gætu fallið þér í geð](#). Upplýsingarnar sem Google safnar og hvernig þær upplýsingar eru notaðar fer eftir því hvernig þú notar þjónustu okkar og hvernig þú hagar persónuverndarstillingunum þínum.

Þegar þú ert ekki skráð(ur) inn á Google reikning geymum við upplýsingarnar sem við söfnum með [einkvæmum auðkennum](#) sem eru tengd vafranum, forritinu eða [tækinu](#) sem þú notar. Þetta gerir okkur m.a. kleift að varðveita kjörstillingar þínar á milli vafralota, t.d.

kjörtungumál eða hvort við birtum þér meira viðeigandi leitarniðurstöður eða auglýsingar sem byggjast á virkni þinni.

Þegar þú ert skráð(ur) inn söfnum við líka upplýsingum sem við geymum á Google reikningnum þínum og meðhöndlum þær sem [persónuupplýsingar](#).

Hlutir sem þú býrð til eða lætur okkur í té

Þegar þú stofnar Google reikning lætur þú okkur í té [persónuupplýsingar](#) þar sem m.a. er að finna nafn þitt og aðgangsorð. Þú getur einnig valið að bæta [símanúmeri](#) eða [greiðsluupplýsingum](#) við reikninginn þinn. Jafnvel þótt þú sért ekki skráð(ur) inn á Google reikning gætirðu valið að láta okkur í té upplýsingar, t.d. netfang til að eiga samskipti við Google eða til að fá nýjustu upplýsingar um þjónustur okkar.

Við söfnum einnig efni sem þú býrð til, hleður inn eða færð sent frá öðrum þegar þú notar þjónustur okkar. Þetta nær til hluta eins og tölvupósts sem þú skrifar og móttækur, mynda og myndskreiða sem þú vistar, skráa og töflureikna sem þú býrð til og ummæla sem þú skrifar við myndskreið á YouTube.

Upplýsingar sem við söfnum þegar þú notar þjónustur okkar

Forritin, vafrarnir og tækin þín

Við söfnum upplýsingum um forrit, vafra og [tæki](#) sem þú notar til að fá aðgang að þjónustum Google, en það hjálpar okkur að bjóða þér upp á eiginleika eins og sjálfvirkar uppfærslur á vörum og minnka birtustig skjásins þegar lítið er eftir af rafhlöðunni.

Upplýsingarnar sem við söfnum eru meðal annars [einkvæm auðkenni](#), gerð og stillingar vafra, gerð og stillingar tækis, stýrikerfi, upplýsingar um farsímakerfi, þ.m.t. heiti farsímafyrirtækisins og símanúmer, og útgáfunúmer forrits. Við söfnum einnig upplýsingum um samskipti forritanna, vafranna og tækjanna þinna við þjónustur okkar, þ.m.t. [IP-tölu](#), hrunkýrslum, kerfisvirkni og dagsetningu, tíma og tilvísunarvefslóð beiðninnar þinnar.

Við söfnum þessum upplýsingum þegar Google þjónusta í tækinu þínu hefur samband við þjóna okkar, t.d. þegar þú setur upp forrit úr Play Store eða þegar þjónusta leitar að

sjálfvirkum uppfærslum. Þegar þú notar [Android tæki með Google forritum](#) hefur tækið þitt samband við þjóna Google öðru hverju til að veita upplýsingar um tækið þitt og tengingu við þjónustur okkar. Þessar upplýsingar innihalda atriði á borð við [gerð tækisins og heiti símafyrirtækisins](#), hrunkýrslur, hvaða forrit þú hefur sett upp og [aðrar upplýsingar um hvernig þú notar Android tækið þitt](#), allt eftir stillingunum í þínu tæki.

Aðgerðir þínar

Við söfnum upplýsingum um aðgerðir þínar í þjónustum okkar, en við nýtum þær til dæmis til að mæla með myndskaiðum á YouTube sem þér gæti líkað. Á meðal upplýsinga sem við söfnum um aðgerðir geta verið:

- Hugtök sem þú leitar að
- Myndskeið sem þú horfir á
- [Skoðun og notkun efnis og auglýsinga](#)
- [Radd- og hljóðupplýsingar](#)
- Kaupaðgerðir
- Fólk sem þú átt í samskiptum við eða deilir efni með
- Aðgerðir á vefsvæðum og í forritum þriðju aðila sem nota þjónustur okkar
- Vefskoðunarferill Chrome sem þú hefur [samstillt við Google reikninginn þinn](#)

Ef þú notar þjónustur til að hringja og móttaka símtöl eða senda og móttaka skilaboð, söfnum við hugsanlega upplýsingum um símtöl og skilaboð, svo sem um símanúmerið þitt, símanúmer þess sem hringdi, símanúmer þess sem hringt var í, númer sem símtal var framsent á, dag- og tímasetningu símtala og skilaboða, lengd símtala, leiðarupplýsingar og gerð og lengd símtala og skilaboða.

Þú getur farið inn á Google reikninginn þinn til að finna og stjórna upplýsingum um aðgerðir þínar sem eru vistaðar á reikningnum.



[Fara á Google reikninginn](#)

Upplýsingar um staðsetningu þína

Við söfnum upplýsingum um staðsetningu þína þegar þú notar þjónustur okkar, en það hjálpar okkur að bjóða þér eiginleika eins og akstursleiðarlýsingar, leitarniðurstöður fyrir næsta nágrenni og auglýsingar miðað við almenna staðsetningu þína.

Hægt er að ákvarða staðsetningu þína af mismunandi nákvæmni með eftirfarandi:

- GPS og önnur [skynjaragögn í tækinu þínu](#)
- [IP-tala](#)
- Virkni í Google þjónustum, s.s. það sem þú leitar að og staði sem þú merkir sem heimili eða vinnustað
- [Upplýsingum um hluti nálægt tækinu þínu](#), eins og Wi-Fi aðgangsstaði, farsímasenda og tæki sem eru með kveikt á Bluetooth

Gerðir staðsetningargagna sem við söfnum og hversu lengi við geymum gögnin fer að hluta til eftir tækinu þínu og reikningsstillingum. Þú getur t.d. [kveikt eða slökkt á staðsetningu Android tækisins þíns](#) í stillingaforriti tækisins. Þú getur einnig kveikt á [staðsetningarferli](#) ef þú vilt búa til lokað kort af ferðum þínum með innskráð tæki. Og ef kveikt er á vef- og forritavirkni eru upplýsingar um leitir þínar og aðra virkni í Google þjónustum, sem kunna að innihalda staðsetningarupplýsingar, vistaðar á Google reikninginn þinn. Nánar um [hvernig við notum staðsetningarupplýsingar](#).

Í sumum tilfellum notar Google einnig [opinberar heimildir](#) til að safna upplýsingum um þig. Ef nafnið þitt birtist til dæmis í dagblaði í þinni heimabyggð gæti leitarvél Google vistað greinina í atriðaskrá og birt hana öðru fólki þegar það leitar að nafninu þínu. Við kunnum einnig að safna upplýsingum um þig frá traustum samstarfsaðilum okkar, eins og gagnþjónustum sem veita okkur fyrirtækjaupplýsingar til birtingar í þjónustum Google, samstarfsaðilum á sviði markaðsmála sem veita okkur upplýsingar um hugsanlega viðskiptavinum viðskiptaþjónustu okkar og samstarfsaðila á sviði öryggismála sem veita okkur upplýsingar sem geta veitt [vernd gegn misnotkun](#). Við fáum einnig upplýsingar frá auglýsingasamstarfsaðilum okkar til að veita [auglýsinga- og rannsóknarþjónustu fyrir þeirra hönd](#).

Við notum ólíka tækni við söfnun og geymslu upplýsinga, þ. á m. [fótspor](#), [pixlamerki](#), staðbundna geymslu, eins og [vefgeymslu vafra](#) eða [skyndiminni forritsgagna](#), gagnagrunna og [netþjónaskrá](#).

ÁSTÆÐAN FYRIR ÞVÍ AÐ GOOGLE SAFNAR GÖGNUM

Við notum gögn til að bæta þjónustu

Við notum upplýsingar sem við söfnum í öllum þjónustum okkar í eftirfarandi tilgangi:

Til að veita þjónustuna

Við notum upplýsingarnar til að [veita þjónustuna](#), til dæmis með því að vinna úr orðum sem þú leitar að til að birta niðurstöður eða hjálpa þér að deila efni með því að stinga upp á viðtakendum á meðal tengiliða þinna.

Til að viðhalda og bæta þjónustu okkar

Við notum einnig upplýsingarnar þínar til að [tryggja að þjónustur okkar starfi á tilætlaðan hátt](#), til dæmis með því að rekja bilanir eða leysa úr vandamálum sem þú tilkynnir um. Við notum einnig upplýsingarnar þínar til að [gera úrbætur](#) á þjónustum okkar, til dæmis getum við bætt villuleit í öllum þjónustum okkar ef við áttum okkur á því hvaða leitarorð eru oftast stafsett rangt.

Til að þróa nýjar þjónustur

Við notum upplýsingar sem við söfnum í núverandi þjónustu okkar til að þróa nýjar þjónustur. Upplýsingar um hvernig fólk skipulagði myndirnar sínar í Picasa, fyrsta myndaforritinu frá Google, hjálpuðu okkur til dæmis við að hanna Google myndir.

Til að veita sérsniðna þjónustu, þ.m.t. efni og auglýsingar

Við notum upplýsingar sem við söfnum til að sérsníða þjónustur okkar fyrir þig, til dæmis með því að bjóða þér upp á tillögur, sérsniðið efni og [sérsniðnar leitarniðurstöður](#).

[Öryggisskoðun](#) veitir til dæmis ráðleggingar um öryggi miðað við hvernig þú notar vörur frá Google. Google Play notar einnig upplýsingar eins og hvaða forrit þú hefur þegar sett upp og myndskaið sem þú hefur skoðað á YouTube til að stinga upp á nýjum forritum sem þér gæti líkað við.

Við kunnum einnig að birta þér [sérsniðnar auglýsingar](#) í samræmi við áhugasvið þín, en það fer eftir stillingunum þínum. Ef þú leitar til dæmis að „fjallahjólum“ gætirðu séð auglýsingar um íþróttabúnað á YouTube. Þú getur stjórnað því hvaða upplýsingar við notum til að sýna þér auglýsingar með því að fara í [Auglýsingastillingarnar mínar](#).

- Við sýnum þér ekki sérsniðnar auglýsingar byggðar á [viðkvæmum flokkum](#) á borð við kynþátt, trúarbrögð, kynhneigð eða heilsufar.
- Við sýnum þér ekki sérsniðnar auglýsingar byggðar á efninu þínu á Drive, Gmail eða Myndum.
- Við deilum ekki upplýsingum sem auðkenna þig persónulega fyrir auglýsendum, svo sem nafni eða netfangi, nema þú óskir eftir því. Ef þú sérð til dæmis auglýsingu fyrir blómabúð í næsta nágrenni við þig og velur hnappinn „ýttu til að hringja“ komum við símtalinu á og deilum hugsanlega símanúmerinu þínu með blómabúðinni.



[Opna „Auglýsingastillingarnar mínar“](#)

Til að mæla árangur

Við notum gögn til greininga og mælinga til að skilja betur hvernig þjónustur okkar eru notaðar. Við greinum t.d. gögn um heimsóknir þínar á vefsvæði okkar til að fínstillast hönnun vara. Við notum einnig gögn um auglýsingar sem þú átt í samskiptum við til að hjálpa auglýsendum að átta sig betur á árangri auglýsingaherferða. Til þess notum við verkfæri af ýmsum toga, þar á meðal Google Analytics. Þegar þú ferð á vefsvæði eða notar forrit sem nota Google Analytics getur viðskiptavinur Google Analytics valið að heimila Google að [tengja upplýsingar](#) um aðgerðir þínar á vefsvæðinu eða í forritinu við aðgerðir þínar á öðrum vefsvæðum eða forritum sem nýta sér auglýsingaþjónustu okkar.

Til að eiga í samskiptum við þig

Við notum upplýsingar sem við söfnum, eins og netfangið þitt, til að hafa samband við þig. Til dæmis getum við sent þér tilkynningu ef við verðum vör við grunsamlega virkni, eins og tilraun til innskráningar á Google reikninginn þinn frá óvenjulegum stað. Við látum þig einnig vita um væntanlegar breytingar eða endurbætur á þjónustu okkar. Og ef þú hefur samband við Google höldum við til hagskrá yfir beiðnir þínar til að aðstoða þig við úrlausn hugsanlegra vandamála sem þú glímir við.

Til að vernda Google, notendur okkar og almenning

Við notum upplýsingar til að bæta [öryggi og áreiðanleika](#) í þjónustum okkar. Það gerum við m.a. með því að greina, koma í veg fyrir og bregðast við svikum, misnotkun, öryggisáhættum og tæknilegum vandamálum sem gætu skaðað Google, notendur okkar eða [almenning](#).

Við notum mismunandi tækni til að vinna úr upplýsingunum þínum í þessum tilgangi. Við notum sjálfvirk kerfi sem greina efni frá þér til að veita þér sérsniðnar leitarniðurstöður, sérsniðnar auglýsingar og aðra eiginleika sem eru sérsniðnir að notkun þinni á þjónustum okkar. Við greinum einnig efni frá þér til að geta [greint misnotkun](#) á borð við ruslpóst, spilliforrit og ólöglegt efni. Við notum einnig [reiknirit](#) til að greina mynstur í gögnum. Google Translate hjálpar til dæmis fólki að eiga í samskiptum á mörgum tungumálum með því að greina sameiginleg tungumálamynstur í orðasamböndum sem þú biður um þýðingu á.

Við kunnum að sameina [upplýsingar sem við söfnum](#) í öllum þjónustum okkar og tækjunum sem þú notar í ofangreindum tilgangi. Ef þú horfir til dæmis á myndskaið af gítarleikurum á YouTube sérðu hugsanlega auglýsingu fyrir gítarkennslu á vefsvæði sem notar auglýsingavörur okkar. [Aðgerðir þínar á öðrum vefsvæðum og forritum](#) kunna að verða tengdar við persónuupplýsingar þínar til að bæta þjónustur Google og auglýsingar sem Google birtir, eftir því hvaða reikningsstillingar þú velur.

Ef aðrir notendur hafa undir höndum netfangið þitt eða aðrar upplýsingar sem auðkenna þig getum við sýnt þeim Google reikningsupplýsingar þínar sem eru sýnilegar opinberlega, eins og nafnið þitt og myndina af þér. Þetta hjálpar fólki til dæmis að sjá að tölvupóstur sem þú sendir sé frá þér.

Við biðjum um samþykki þitt áður en við notum upplýsingar frá þér í tilgangi sem er ekki talinn upp í þessari persónuverndarstefnu.

PERSÓNUVERNDARSTILLINGAR ÞÍNAR

Þú hefur val um hvaða upplýsingar við söfnum og hvernig þær eru notaðar

Í þessum hluta er farið yfir mikilvægustu stillingarnar til að hafa umsjón með persónuvernd í þjónustum okkar. Þú getur einnig farið í [Yfirferð persónuverndarstillinga](#), þar sem hægt er að fara yfir og breyta mikilvægum persónuverndarstillingum. Auk áðurnefndra verkfæra bjóðum við einnig upp á sérstakar persónuverndarstillingar í vörum okkar – frekari upplýsingar er að finna í [persónuverndarhandbók](#) okkar.



[Fara í yfirferð persónuverndarstillinga](#)

Stjórnun, skoðun og uppfærsla á upplýsingunum þínum

Þegar þú ert skráð(ur) inn geturðu alltaf skoðað og uppfært upplýsingarnar með því að fara í þjónusturnar sem þú notar. Myndir og Drive eru til dæmis báðar hannaðar til að hjálpa þér að stjórna tiltekinni gerð af efni sem þú hefur vistað hjá Google.

Við höfum einnig búið til stað þar sem þú getur skoðað og stjórnað upplýsingunum sem eru vistaðar á Google reikningnum þínum. [Google reikningurinn](#) þinn felur í sér:

Persónuverndarstillingar



Aðgerðastýringar

Veldu hvaða aðgerðir þú vilt vista á reikningnum þínum. Ef þú hefur t.d. kveikt á YouTube ferlinum eru myndskaiðin sem þú horfir á og atriðin sem þú leitar að vistuð á reikningnum þínum. Á þann hátt færðu betri tillögur og getur haldið áfram þar sem frá var horfið. Ef þú kveikir einnig á vef- og forritavirkni eru leitir og virkni úr öðrum Google þjónustum vistaðar á reikningnum þínum í þeim tilgangi að veita þér sérsniða upplifun eins og hraðari leit og gagnlegri tillögur að forritum og efni. Í vef- og forritavirkni eru einnig ýmsar stillingar sem gera þér kleift að stjórna því hvort [upplýsingar um virkni þína á öðrum vefsvæðum, forritum og tækjum sem nota Google þjónustur](#) eru vistaðar á Google reikningnum þínum og notaðar til að bæta Google þjónustur, t.d. upplýsingar um forritin sem þú setur upp og notar í Android.

[Opna virknistýringar](#)



Auglýsingastillingar

Stjórnaðu auglýsingastillingunum þínum varðandi auglýsingar sem þú sérð á Google og á vefsvæðum og forritum [aðila sem birta auglýsingar í gegnum Google](#). Þú getur breytt áhugamálum þínum, valið hvort persónuupplýsingarnar þínar séu notaðar til að birta auglýsingar sem höfða meira til þín og kveikt eða slökkt á tilteknum auglýsingaþjónustum.

[Opna „Auglýsingastillingarnar mínar“](#)



Um þig

Hafðu umsjón með persónuupplýsingum á Google reikningnum þínum og stjórnaðu því hverjir geta séð þær í Google þjónustum.

[Fara í „Um þig“](#)



Meðmæli frá tengslanetinu

Veldu hvort að nafnið þitt og myndin af þér birtist við hlið aðgerða þinna, eins og umsögnum og tillögum, sem birtast í auglýsingum.

[Fara í „Meðmæli frá tengslanetinu“](#)



Vefsvæði og forrit sem nota Google þjónustur

Hafðu umsjón með upplýsingum sem vefsvæði og forrit sem nota Google þjónustur, s.s. Google Analytics, kunna að deila með Google þegar þú opnar eða notar viðkomandi þjónustur.

[Opnaðu „Hvernig Google notar upplýsingar frá vefsvæðum eða forritum sem nota þjónustu okkar“](#)

Aðferðir til að skoða og uppfæra upplýsingarnar þínar



Mínar aðgerðir

„Mínar aðgerðir“ gerir þér kleift að skoða og stjórna gögnum sem eru vistuð á Google reikningnum þínum þegar þú ert innskráð(ur) og notar Google þjónustur, t.d. það sem þú leitar að eða heimsóknir þínar á Google Play. Þú getur leitað eftir dagsetningu og efnisatriði og eytt allri virkni þinni eða hluta hennar.

[Fara í „Mínar aðgerðir“](#)



Google stjórnborð

Google stjórnborðið gerir þér kleift að stjórna upplýsingum sem tengjast tilteknum vörum.

[Skoða stjórnborðið](#)



Persónuupplýsingar þínar

Stjórnaðu samskiptaupplýsingum þínum, eins og nafninu, netfanginu og símanúmerinu þínu.

[Skoða persónuupplýsingar](#)

Þegar þú ert skráð(ur) út geturðu stjórnað upplýsingum sem tengjast vafranum eða tækinu þínu, þ. á m.:

- Sérniðin leit eftir útskráningu: [Veldu](#) hvort nota skuli leitaraðgerðirnar þínar til að bjóða þér niðurstöður og uppástungur sem eru meira viðeigandi.

- Stillingar fyrir YouTube: Gerðu hlé á og eyddu [leitarferlinum þínum á YouTube](#) og [áhorfsferlinum þínum á YouTube](#).
- Auglýsingastillingar: [Stjórnaðu](#) auglýsingastillingunum þínum varðandi auglýsingar sem þú sérð á Google og á vefsvæðum og forritum aðila sem birta auglýsingar í gegnum Google

Flytja út, fjarlægja og eyða upplýsingunum þínum

Þú getur flutt út afrit af efninu á Google reikningnum þínum ef þú vilt taka öryggisafrit af því eða nota það í þjónustu sem er utan Google.



Flytja út gögnin þín

Þú getur gert eftirfarandi til að eyða upplýsingunum þínum:

- Eytt efninu þínu af [tilteknum þjónustum Google](#)
- Leitað að og síðan eytt tilteknum atriðum af reikningnum þínum með því að nota [Mínar aðgerðir](#)
- [Eytt tilteknum Google vörum](#), þ. á m. upplýsingum þínum sem tengjast slíkum vörum
- [Eyða öllum Google reikningnum þínum](#)



Eyða upplýsingunum þínum

Með [Stjórnun óvirks reiknings](#) geturðu veitt öðrum einstaklingi aðgang að hluta Google reikningsins ef þú ert ófær um að nota reikninginn þinn af óvæntum ástæðum.

Loks skal tekið fram að samkvæmt gildandi lögum og reglum okkar geturðu einnig sent inn [beiðni um að fjarlægja efni](#) úr tilteknum Google þjónustum.

Einnig eru til aðrar leiðir til að stjórna því hvaða upplýsingum Google safnar, hvort sem þú ert skráð(ur) inn á Google reikning eða ekki, þ. á m.:

- **Vafrastillingar:** Þú getur til dæmis stillt vafrann þannig að hann láti vita þegar Google kemur fyrir [fótspori](#) í vafranum. Þú getur stillt vafrann þannig að hann útiloki öll fótspor frá tilteknu léni eða öllum lénum. Hafðu samt í huga að þjónustur [reiða sig á fótspor](#) til að starfa á réttan hátt, til dæmis til að muna tungumálastillingarnar þínar.
- **Tækisbundnar stillingar:** Tækið þitt er hugsanlega búið stýringum sem stjórna því hvaða upplýsingum við söfnum. Þú getur til dæmis [breytt staðsetningarstillingunum](#) í Android tækinu þínu.

UPPLÝSINGUM ÞÍNUM DEILT

Þegar þú deilir upplýsingunum þínum

Margar af þjónustum okkar gera þér kleift að deila upplýsingum með öðru fólki og þú stjórnar því hvernig þú deilir slíkum upplýsingum. Þú getur til dæmis ákveðið að deila myndskleiðum á YouTube opinberlega eða haft myndskleiðin þín lokað. Hafðu í huga að þegar þú deilir upplýsingum opinberlega kunna þær að verða aðgengilegar í leitarvélum, þar á meðal Google leit.

Þegar þú ert skráð(ur) inn og átt samskipti í gegnum tiltekna þjónustur Google, til dæmis þegar þú skrifar ummæli við myndskleið á YouTube eða gefur forriti umsögn á Play, birtist nafnið þitt og myndin af þér við hliðina á aðgerðinni þinni. Við getum einnig birt slíkar upplýsingar í [auglýsingum háð stillingu þinni fyrir meðmæli frá tengslanetinu](#).

Þegar Google deilir upplýsingunum þínum

Við deilum ekki persónuupplýsingum með fyrirtækjum, stofnunum eða einstaklingum utan Google nema í eftirfarandi tilvikum:

Leyfi frá þér liggja fyrir

Við deilum persónuupplýsingunum þínum út fyrir Google ef þú hefur gefið heimild til þess. Ef þú til dæmis [notar Google Home til að pantast borð](#) í gegnum bóknarþjónustu fáum við leyfi frá þér áður en við gefum veitingastaðnum upp nafn þitt eða símanúmer. Við látum þér einnig í té verkfæri [til að fara yfir og stjórna forritum og vefsvæðum þriðju aðila](#) sem þú hefur veitt aðgang að gögnum á Google reikningnum þínum. Við biðjum þig um afdráttarlaust samþykki áður en við deilum hvers kyns [viðkvæmum persónuupplýsingum](#).

Með lénsstjórum

Ef þú ert námsmaður eða vinnur fyrir fyrirtæki eða stofnun sem notar þjónustu Google hafa [lénsstjórnir](#) og endurseljendur sem stjórna reikningnum þínum aðgang að Google reikningnum þínum. Þeir geta hugsanlega gert eftirfarandi:

- Fengið aðgang að og haldið eftir upplýsingum sem geymdar eru á reikningnum þínum, eins og tölvupósti
- Skoðað tölfraði varðandi reikninginn þinn, eins og hversu mörg forrit þú setur upp
- Breytt aðgangsorði reikningsins
- Lokað fyrir aðgang þinn að reikningnum, tímabundið eða varanlega
- Sótt reikningsupplýsingar þínar í því skyni að fullnægja viðeigandi lagaskilyrðum, reglugerðum og málsmeðferðum eða til að framfylgja beiðnum yfirvalda.
- Takmarkað getu þína til að eyða eða breyta upplýsingunum eða persónuverndarstillingum þínum

Til ytri greiningar gagna

Við veitum [hlutdeildarfélögum](#) okkar, og öðrum fyrirtækjum og einstaklingum sem við treystum, persónuupplýsingar til úrvinnslu fyrir okkar hönd, á grundvelli leiðbeininga frá okkur og í samræmi við persónuverndarstefnu okkar og aðrar viðeigandi trúnaðar- og öryggisreglur. Við ráðum t.d. þjónustuaðila til að aðstoða við rekstur gagnavera okkar, afhenda vörur og þjónustur okkar, bæta innri viðskiptaferli okkar og bjóða viðskiptavinum og notendum frekari aðstoð. Við notum einnig þjónustuaðila til að fara yfir efni

myndskeiða á YouTube til að vernda almannaoöryggi og greina og hlusta á sýnishorn af vistuðu efni notenda til að bæta hljóðgreiningartækni Google.

Af lagalegum ástæðum

Við deilum persónuupplýsingum utan Google ef við teljum, í góðri trú, að aðgangur að þeim, notkun á þeim eða birting á þeim teljist nauðsynleg til að:

- Fylgja öllum viðeigandi lögum, reglugerðum, [málsmeðferðum](#) eða [framfylgja beiðnum yfirvalda](#). Við deilum upplýsingum um fjölda og gerðir beiðna sem við fáum frá stjórnvöldum í [gagnsæisskýrslunni](#) okkar.
- Framfylgja viðeigandi þjónustuskilmálum, þar á meðal til að rannsaka hugsanleg tilvik um misnotkun.
- Greina, koma í veg fyrir eða bregðast á annan hátt við svikum, öryggisbrotum eða tæknivandamálum.
- Verja réttindi, eignir og öryggi Google, [notendur okkar](#) eða almenning fyrir skemmdarverkum, eins og lög mæla fyrir um eða leyfa.

Við munum hugsanlega deila [ópersónugreinanlegum upplýsingum](#) opinberlega og með samstarfsaðilum okkar, eins og útgefendum, auglýsendum, þróunaraðilum eða rétthöfum. Við deilum til dæmis upplýsingum opinberlega í því skyni að [sýna þróun](#) í almennri notkun á þjónustu okkar. Við leyfum einnig [tilteknum samstarfsaðilum](#) okkar að safna upplýsingum úr vafranum þínum eða tækinu þínu í auglýsinga- og mælingarskyni, þar sem þeir nota eigin fótspor eða svipaða tækni.

Ef Google tekur þátt í samruna, yfirtöku eða sölu eigna munum við eftir sem áður tryggja trúnað um allar persónuupplýsingar og senda þeim notendum sem hlut eiga að máli tilkynningu áður en persónuupplýsingar eru fluttar eða þær falla undir nýja persónuverndarstefnu.

Öryggi er innbyggt í þjónustur okkar til að vernda upplýsingarnar þínar

Allar vörur frá Google eru með innbyggða, öfluga öryggiseiginleika sem vernda stöðugt upplýsingarnar þínar. Við höldum þjónustum okkar stöðugt við til að fá betri innsýn við að greina og loka sjálfkrafa á öryggisógnir áður en þær ná til þín. Við sendum þér tilkynningar ef við greinum hættu sem við teljum að þú ættir að vita um og veitum þér leiðbeiningar um hvernig þú getur aukið öryggi.

Við leggjum okkur fram við að vernda þig og Google fyrir óheimilum aðgangi, breytingum, birtingu eða skemmdarverkum á upplýsingum í okkar vörslu, sem felur í sér eftirfarandi:

- Við notum dulritun til að tryggja öryggi gagnanna þinna á meðan þau eru flutt
- Við bjóðum upp á fjölda öryggiseiginleika eins og [örugga vefnotkun](#), öryggisskoðun og [tvíþætta staðfestingu](#) í því skyni að vernda reikninginn þinn
- Við endurskoðum verkferli okkar við söfnun, geymslu og úrvinnslu upplýsinga, þar með taldar tæknilegar öryggisráðstafanir, til að verja okkur fyrir aðgangi að kerfum okkar án heimilda
- Við takmörkum aðgang að persónuupplýsingum við starfsfólk Google, verktaka og umboðsmenn sem þurfa að fá slíkar upplýsingar til þess að geta unnið úr þeim. Allir sem fá slíkan aðgang lúta ströngum samningsbundnum skilyrðum varðandi trúnað og kunna að sæta refsiaðgerðum eða brottrekstri ef þau skilyrði eru ekki uppfyllt.

ÚTFLUTNINGUR OG EYÐING UPPLÝSINGA ÞINNA

Þú getur flutt út afrit af upplýsingunum þínum eða eytt þeim af Google reikningnum þínum hvenær sem er.

Þú getur flutt út afrit af efninu á Google reikningnum þínum ef þú vilt taka öryggisafrit af því eða nota það í þjónustu sem er utan Google.



Flytja út gögnin þín

Þú getur gert eftirfarandi til að eyða upplýsingunum þínum:

- Eytt efninu þínu af [tilteknum þjónustum Google](#)
- Leitað að og síðan eytt tilteknum atriðum af reikningnum þínum með því að nota [Mínar aðgerðir](#)
- [Eytt tilteknum Google vörum](#), þ. á m. upplýsingum þínum sem tengjast slíkum vörum
- [Eyða öllum Google reikningnum þínum](#)



Eyða upplýsingunum þínum

VARÐVEISLA UPPLÝSINGA ÞINNA

Gögnum sem við söfnum er haldið eftir í mislangan tíma, allt eftir því um hvaða gögn er að ræða, hvernig þau eru notuð og hvaða stillingar þú velur:

- Sumum gögnum geturðu eytt þegar þú vilt, t.d. [persónuupplýsingum](#) eða efni sem þú hefur búið til eða hlaðið upp, [myndum](#) og [skjölum](#) og öðru slíku. Þú getur einnig eytt [upplýsingum um virkni](#) sem eru vistaðar á reikningnum þínum eða [valið að þeim verði eytt sjálfkrafa](#) eftir tiltekinn tíma. Við höfum þessi gögn áfram á Google reikningnum þínum þar til þú fjarlægir þau eða velur að láta fjarlægja þau.
- Öðrum gögnum, svo sem [auglýsingagögnum](#) í netþjónaskrá, er eytt eða þau gerð sjálfkrafa nafnlaus eftir tiltekinn tíma.
- Sumum gögnum, svo sem upplýsingum um hve oft þú notar þjónustur okkar, er haldið eftir þar til þú eyðir Google reikningnum þínum.

- Og sumum gögnum er haldið eftir lengur þegar slíkt er nauðsynlegt af góðum og gildum lagalegum eða viðskiptalegum ástæðum, svo sem vegna öryggis, til að sporna gegn svikum og misnotkun eða vegna bókhaldsskráningar.

Þegar þú eyðir gögnum fylgjum við verkferli fyrir eyðingu efnis til að tryggja að gögnin þín séu fjarlægð algerlega og örugglega af þjónum okkar eða einungis haldið eftir á nafnlausu formi. Við gerum okkar ítrasta til að koma í veg fyrir að upplýsingum verði eytt fyrir mistök eða af slæmum ásetningi. Þess vegna getur orðið bið á milli þess sem þú eyðir einhverju og þegar afritum er eytt af virkum kerfum og varakerfum okkar.

Þú getur kynnt þér nánar hversu lengi Google [heldur eftir gögnum](#), þ.m.t. hversu langan tíma það tekur okkur að eyða upplýsingunum þínum.

FYLGNI VIÐ REGLUR OG SAMVINNA VIÐ EFTIRLITSAÐILA

Við endurskoðum reglulega þessa persónuverndarstefnu og gætum þess að við vinnum úr upplýsingum þínum samkvæmt henni.

Gagnaflutningar

Við höldum úti [þjónum víðsvegar um heiminn](#) og úrvinnsla á upplýsingunum þínum getur farið fram á þjónum sem eru staðsettir utan heimalands þíns. Lög um persónuvernd eru mismunandi á milli landa og sum lönd veita meiri vernd en önnur. Óháð því hvar unnið er úr upplýsingunum þínum bjóðum við upp á sömu vernd og lýst er í þessari stefnu. Við vinnum eftir tilteknum [lagarömmum](#) varðandi gagnaflutninga.

Þegar okkur berast formlegar, skriflegar kvartanir höfum við samband við aðilann sem lagði kvörtunina fram. Við vinnum með viðeigandi eftirlitsaðilum, meðal annars persónuverndar stofnunum í hverju landi fyrir sig, til að leysa úr umkvörtunum varðandi gagnaflutning sem við getum ekki leyst úr í samvinnu við þig.

Kröfur innan Evrópu

Svona nýturðu þér réttindi þín og hefur samband við Google

Í tilvikum þar sem lög Evrópusambandsins (ESB) eða Bretlands um gagnavernd eiga við um vinnslu á upplýsingunum þínum bjóðum við upp á [stýringarnar](#) sem lýst er í þessari stefnu til að þú getir nýtt þér rétt þinn á að krefjast aðgangs að, uppfæra, [fjarlægja](#) og takmarka vinnslu á upplýsingunum þínum. Þú hefur einnig rétt á að hafna vinnslu á upplýsingunum þínum eða flytja upplýsingarnar þínar út í aðra þjónustu.

Ef þú ert með spurningar eða beiðnir sem tengjast réttindum þínum geturðu [haft samband við Google og gagnaverndarskrifstofuna okkar](#). Þú getur einnig haft samband við gagnaverndaryfirvald í þínu landi ef þú hefur spurningar varðandi rétt þinn samkvæmt landslögum.

Ábyrgðaraðili gagna

Nema annað sé tekið fram í upplýsingum um persónuvernd tiltekinnar þjónustu er [ábyrgðaraðili gagna sem vinnur úr gögnunum þínum](#) mismunandi eftir því hvar þú ert:

- Google Ireland Limited fyrir notendur Google þjónusta innan Evrópska efnahagssvæðisins eða í Sviss, með aðsetur að Gordon House, Barrow Street, Dublin 4, Írlandi.
- Google LLC fyrir notendur Google þjónusta í Bretlandi, með aðsetur að 1600 Amphitheatre Parkway, Mountain View, California 94043, Bandaríkjunum.

Google LLC er ábyrgðaraðili gagna sem vinnur úr upplýsingum sem eru vistaðar og birtar í þjónustum á borð við [Google leit](#) og Google kort, óháð því hvar þú ert.

Lagalegur grundvöllur úrvinnslu

Við vinnum úr upplýsingunum þínum í þeim [tilgangi](#) sem lýst er í þessari stefnu í samræmi við eftirfarandi lagaheimildir:

- Við vinnum úr gögnum frá þér til að veita samningsbundna þjónustu sem þú hefur beðið um.

- Við vinnum úr gögnunum þínum vegna lögmætra hagsmuna okkar og [þriðju aðila](#) um leið og við beitum [viðeigandi öryggisráðstöfunum](#) sem standa vörð um persónuvernd þína.
- Við vinnum úr gögnunum þínum þegar þörf krefur til að vernda persónuhagsmuni þína eða annars aðila.
- Við vinnum úr gögnunum þínum þegar okkur ber lagaleg skylda til að gera slíkt.
- Við biðjum um samþykki þitt til að vinna úr gögnunum þínum í sérstökum tilgangi og þú átt rétt á að afturkalla samþykki þitt hvenær sem er.

Notkun þín á þjónustum Google og persónuverndarstillingarnar sem þú velur ákvarða hvaða gögn eru tekin til úrvinnslu, tilgang úrvinnslu gagnanna og réttarheimildir gagnaúrvinnslunnar. Taflan hér að neðan útskýrir umræddan úrvinnslutilgang, tegundir gagna sem teknar eru til úrvinnslu og réttarheimildir gagnaúrvinnslunnar nánar.

Ástæða og aðferðir gagnaúrvinnslu	Hvaða gögn eru tekin til úrvinnslu	Réttarheimildir
<p>Til að veita þjónustur, vörur og eiginleika Google</p> <p>Dæmi um úrvinnslu:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Við vinnum úr leitarorðum sem þú notar við leit til að birta niðurstöður. • Við notum IP-töluna sem er úthlutað tækinu þínu til að senda þér gögnin sem þú baðst um, eins og að hlaða myndskreiði á YouTube. • Við notum einkvæm auðkenni sem eru geymd í fótsporunum í tækinu þínu til að staðfesta að þú sért aðillinn sem sannarlega á að fá aðgang að Google-reikningnum þínum. 	<p>Upplýsingarnar sem teknar eru til úrvinnslu fara eftir notkun þinni á Google-þjónustum og stillingunum þínum en þær geta m.a. verið eftirfarandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Atriði sem þú býrð til eða lætur okkur í té: <ul style="list-style-type: none"> • Efni sem þú býrð til, hleður upp eða móttækur (s.s. myndir, myndskreið, tölvupóstur, skjöl og töflureiknar) . Google-stjórnborðið 	<p>Réttarheimildir til úrvinnslu þessara upplýsinga fara eftir því hvernig þú notar Google-þjónustur og hvaða stillingar þú velur en þær geta náð yfir eftirfarandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Til að uppfylla samning við þig, t.d. til að hlaða YouTube-vídeói eða til að vinna úr, uppfylla og afhenda pöntun þegar þú kaupir þjónustu eða efnislega vöru af okkur. • Þegar nauðsyn krefur vegna lögmætra hagsmuna okkar og þriðju aðila, þar á meðal til að:

Ástæða og aðferðir gagnauðvinnslu	Hvaða gögn eru tekin til úrvinnslu	Réttarheimildir
<ul style="list-style-type: none"> • Myndir og myndskleið sem þú hleður inn í Google-myndum eru notuð til að hjálpa þér að búa til albúm, klippimyndir og önnur verk sem þú getur deilt með öðrum. • Þegar þú kaupir þjónustu eða efnislega vöru af okkur notum við sendingarheimilisfangið þitt eða leiðbeiningar vegna afhendingar til þess að vinna úr, uppfylla og afhenda pöntunina og veita aðstoð í tengslum við vöruna eða þjónustuna sem þú kaupir. • Við vinnum úr greiðsluupplýsingunum þínum þegar þú kaupir aukið geymslurými á Google Drive. • Við getum notað samskiptaupplýsingar (t.d. nöfn og netföng) fólks sem þú átt í samskiptum við í Google-vörum til að auðvelda þér að finna rétta aðilann þegar þú vilt deila einhverju eða hafa samband við einhvern þessara aðila í öðrum Google-þjónustum á borð við Gmail, Myndir og Hjálpara. • Tölvupóstur sem þú færð til staðfestingar á 	<ul style="list-style-type: none"> gerir þér kleift að stjórna upplýsingum sem tengjast tilteknum vörum. • Persónuupplýsingar sem þú gefur upp þegar þú stofnar Google-reikning (t.d. nafn og aðgangsorð, símanúmer, fæðingardagur eða greiðsluupplýsingar). • Upplýsingar sem við söfnum þegar þú notar þjónustur okkar: <ul style="list-style-type: none"> • Upplýsingar um forritin þín, vafrana og tækin, s.s. einkvæm auðkenni sem tengjast vafranum, forritinu eða tækinu sem þú notar og upplýsingar um samskipti forrita þinna, vafra og 	<ul style="list-style-type: none"> • Veita, viðhalda og bæta þjónustur okkar til að uppfylla þarfir notenda okkar. Við getum t.d. notað samskiptaupplýsingar (t.d. nöfn og netföng) fólks sem þú átt í samskiptum við í Google-vörum til að auðvelda þér að finna rétta aðilann þegar þú vilt deila einhverju eða hafa samband við einhvern þessara aðila í öðrum Google-þjónustum á borð við Gmail, Myndir og Hjálpara. • Með þínu samþykki, t.d. þegar þú velur að deila staðsetningu þinni með staðsetningardeilingu Google.

Ástæða og aðferðir gagnaúrvinnslu	Hvaða gögn eru tekin til úrvinnslu	Réttarheimildir
<p>flugi kann að vera notaður til að útbúa „innritunarhnapp“ sem birtist í Gmail.</p> <ul style="list-style-type: none"> Google notar einnig opinberar heimildir til að safna upplýsingum um þig. Ef nafnið þitt birtist til dæmis í dagblaði í þinni heimabyggð gæti leitarvél Google vistað greinina í atriðaskrá og birt hana öðru fólki þegar það leitar að nafninu þínu. Einnig getum við vistað og birt upplýsingar um fyrirtækið þitt í Google-þjónustum ef upplýsingar um fyrirtækið birtast á vefsvæði. Við getum hjálpað þér að deila staðsetningu þinni með staðsetningardeilingu Google til að gera öðrum kleift að finna þig á korti eða fá upplýsingar um áætlaðan komutíma þinn. Eins og fram kemur í kaflanum Upplýsingum þínum deilt munum við deila persónuupplýsingum út fyrir Google að gefnu þínu samþykki og láta þér í té stýringar til að fara yfir og stjórna 	<p>tækja við þjónustur okkar (t.d IP-tölu, hrunskýrslur og kerfisvirkni).</p> <ul style="list-style-type: none"> Upplýsingar um virkni þína í þjónustum okkar, t.d. leitarfyrirspurnir, vafriferil Chrome sem þú hefur samstillt við Google-reikninginn þinn, skoðanir þína á og samskipti við efni og auglýsingar og virkni þína á vefsvæðum og í forritum þriðju aðila sem nota þjónustur okkar. Þú getur farið yfir og stjórnað virknigögnum sem eru vistuð á Google-reikningnum 	

Ástæða og aðferðir gagnaúrvinnslu	Hvaða gögn eru tekin til úrvinnslu	Réttarheimildir
<p>forritum og vefsvæðum þriðju aðila sem þú hefur veitt aðgang að gögnum á Google-reikningnum þínum.</p>	<p>þínum í Mín virkni.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Staðsetning arupplýsingar sem kunna að vera ákvarðaðar með GPS, IP-tölu og öðrum gögnum frá skynjurum á eða í kringum tækið þitt, sem að hluta til fer eftir tækinu þínu og stillingum reikningsins. • Upplýsingar frá opinberum heimildum, t.d. upplýsingar sem eru opnar almenningi á netinu (t.d. ef nafnið þitt kemur fram í blaðagrein) eða upplýsingar frá öðrum opinberum heimildum. • Upplýsingar frá traustum samstarfsaðilum okkar, t.d. frá skráaþjónustum sem veita okkur upplýsingar um 	

Ástæða og aðferðir gagnaúrvinnslu	Hvaða gögn eru tekin til úrvinnslu	Réttarheimildir
	<p>fyrirtæki til að birta í Google-þjónustum, eða frá samstarfsaðilu m á sviði öryggismála sem veita okkur upplýsingar sem við notum við varnir gegn misnotkun.</p>	
<p>Til að viðhalda og bæta þjónustur, vörur og eiginleika Google</p> <p>Til að viðhalda þjónustunni svo hún virki sem skyldi, t.d. með villuleit í þjónustunni og rakningu vandamála eða úrræðaleit vegna þeirra.</p> <p>Dæmi um úrvinnslu:</p> <ul style="list-style-type: none"> Við höfum stöðugt eftirlit með kerfum okkar til að leita að hugsanlegum vandamálum. Ef vandamál kemur upp varðandi tiltekinn eiginleika getum við lagfært það mun hraðar ef við getum skoðað aðgerðarupplýsingarnar sem hefur verið safnað saman. Við skráum notkun notenda á hnöppum í forritum á borð við Google-kort og Leit til 	<p>Upplýsingarnar sem teknar eru til úrvinnslu fara eftir notkun þinni á Google-þjónustum og stillingunum þínum en þær geta m.a. verið eftirfarandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> Atriði sem þú býrð til eða lætur okkur í té: <ul style="list-style-type: none"> Efni sem þú býrð til, hleður upp eða móttækur (s.s. myndir, myndskreið, tölvupóstur, skjöl og töflureiknar) . Google-stjórnborðið gerir þér kleift að stjórna upplýsingum sem tengjast 	<p>Réttarheimildir til úrvinnslu þessara upplýsinga fara eftir því hvernig þú notar Google-þjónustur og hvaða stillingar þú velur en þær geta náð yfir eftirfarandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> Til að uppfylla samning við þig, t.d. með því að nota virkniannála Google-forrita til að tryggja að þau virki sem skyldi. Þegar nauðsyn krefur vegna lögmatra hagsmuna okkar og þriðju aðila, þar á meðal til að: <ul style="list-style-type: none"> Veita, viðhalda og bæta þjónustur okkar til að uppfylla þarfir notenda okkar. Til dæmis að greina hvaða leitarfyrirspurnir

Ástæða og aðferðir gagnauðvinnslu	Hvaða gögn eru tekin til úrvinnslu	Réttarheimildir
<p>að sjá hvort þeir virki sem skyldi.</p> <p>Til að gera úrbætur í Google-þjónustum og hjálpa til við að efla öryggi og áreiðanleika viðkomandi þjónusta, t.d. til að greina, koma í veg fyrir og bregðast við svikum, misnotkun, öryggisógnum og tæknivandamálum sem gætu skaðað þjónustuna eða notendur.</p> <p>Dæmi um úrvinnslu:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Við greinum gögn um notkun þína á þjónustum okkar til að hjálpa okkur að búa til betri vörur. Gögnin geta til dæmis sýnt okkur að fólk sé of lengi að ljúka tilteknum verkum eða að það geti yfirhöfuð ekki lokið tilteknum ferlum. Þá getum við hannað slíka eiginleika upp á nýtt og bætt vöruna fyrir alla. • Við greinum hvaða leitarfyrirspurnir eru oftast misritaðar til að hjálpa okkur að bæta villuleitareiginleika sem eru notaðir í þjónustum okkar. • Við greinum notkun Google Translate til að bæta gæði þýðinga og auka tiltækileika 	<p>tilteknum vörum.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Persónuupplýsingar sem þú gefur upp þegar þú stofnar Google-reikning (t.d. nafn og aðgangsorð, símanúmer, fæðingardagur eða greiðsluupplýsingar). • Upplýsingar sem við söfnum þegar þú notar þjónustur okkar: <ul style="list-style-type: none"> • Upplýsingar um forritin þín, vafrana og tækin, s.s. einkvæm auðkenni sem tengjast vafranum, forritinu eða tækinu sem þú notar og upplýsingar um samskipti forrita þinna, vafra og tækja við þjónustur okkar (t.d. IP-tölu, hrunskýrslur 	<p>eru oftast misritaðar til að hjálpa okkur að bæta villuleitareiginleika sem eru notaðir í þjónustum okkar.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Öðlast betri skilning á því hvernig fólk notar þjónustur okkar til að tryggja og bæta frammistöðu þjónustanna. Til dæmis að greina notkun Google Translate til að bæta gæði þýðinga og auka tiltækileika Translate á fleiri tungumálum. • Framkvæma rannsóknir sem bæta þjónustur okkar fyrir notendur okkar og koma almenningi til góða. Til dæmis að bæta gæði þýðinga í Google Translate og auka tiltækileika Translate á fleiri tungumálum.

Ástæða og aðferðir gagnaúrvinnslu	Hvaða gögn eru tekin til úrvinnslu	Réttarheimildir
<p>Translate á fleiri tungumálum.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Við greinum fyrirspurnir í Google Shopping til að ákvarða hvaða vörur, söluaðilar og vörumerki eiga við mismunandi fyrirspurnir. • Eiginleiki öruggrar vefskoðunar í Google Chrome getur sent upplýsingar um grunsamleg vefsvæði á milli vafra notandans og þjóna Google til að vernda gegn vefveiðum, spilliforritum, skaðlegum auglýsingum og fleiru. 	<p>og kerfisvirkni).</p> <ul style="list-style-type: none"> • Upplýsingar um virkni þína í þjónustum okkar, t.d. leitarfyrirspurnir, vafraferil Chrome sem þú hefur samstillt við Google-reikninginn þinn, skoðanir þína á og samskipti við efni og auglýsingar og virkni þína á vefsvæðum og í forritum þriðju aðila sem nota þjónustur okkar. Þú getur farið yfir og stjórnað virknigögnum sem eru vistuð á Google-reikningnum þínum í Mín virkni. • Staðsetningarupplýsingar sem kunna að 	

Ástæða og aðferðir gagnaúrvinnslu	Hvaða gögn eru tekin til úrvinnslu	Réttarheimildir
	<p>vera ákvarðaðar með GPS, IP-tölu og öðrum gögnum frá skynjurum á eða í kringum tækið þitt, sem að hluta til fer eftir tækinu þínu og stillingum reikningsins.</p> <ul style="list-style-type: none"><li data-bbox="687 904 943 1509">• Upplýsingar frá opinberum heimildum, t.d. upplýsingar sem eru opnar almenningi á netinu (t.d. ef nafnið þitt kemur fram í blaðagrein) eða upplýsingar frá öðrum opinberum heimildum.<li data-bbox="687 1543 943 2159">• Upplýsingar frá traustum samstarfsaðilum okkar, t.d. frá skráþjónustum sem veita okkur upplýsingar um fyrirtæki til að birta í Google-þjónustum, eða frá samstarfsaðilum á sviði öryggismála	

Ástæða og aðferðir gagnaúrvinnslu	Hvaða gögn eru tekin til úrvinnslu	Réttarheimildir
	<p>sem veita okkur upplýsingar sem við notum við varnir gegn misnotkun.</p>	
<p>Til að þróa fleiri þjónustur, vörur og eiginleika Google</p> <p>Dæmi um úrvinnslu:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Upplýsingar um hvernig fólk flokkaði myndirnar sínar í Picasa, fyrsta myndaforritinu frá Google, hjálpuðu okkur við að hanna Google-myndir. • Upplýsingar um hvernig notendur skoða og höfundar búa til stutt efni hjálpuðu Google að þróa nýjar YouTube-þjónustur. • Í samræmi við stillingarnar þínar getum við vistað hljóðupptökur af raddsamskiptum við þjónustur á borð við Google-leit, Hjálpara, Kort og Gboard til að þróa og bæta hljóðtækni Google. • Við notum upplýsingar sem eru aðgengilegar öllum á netinu eða á öðrum opinberum stöðum til að þjálfra ný vélnámslíkön og byggja upp grundvallartækni sem liggur að baki ýmsum Google-vörum 	<p>Upplýsingarnar sem teknar eru til úrvinnslu fara eftir notkun þinni á Google-þjónustum og stillingunum þínum en þær geta m.a. verið eftirfarandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Atriði sem þú býrð til eða lætur okkur í té: <ul style="list-style-type: none"> • Efni sem þú býrð til, hleður upp eða móttækur (s.s. myndir, myndskaið, tölvupóstur, skjöl og töflureiknar) . Google-stjórnborðið gerir þér kleift að stjórna upplýsingum sem tengjast tilteknum vörum. • Persónuupplýsingar sem þú gefur upp þegar þú stofnar 	<p>Réttarheimildir til úrvinnslu þessara upplýsinga fara eftir því hvernig þú notar Google-þjónustur og hvaða stillingar þú velur en þær geta náð yfir eftirfarandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Þegar nauðsyn krefur vegna lögmætra hagsmuna okkar og þriðju aðila, þar á meðal til að: <ul style="list-style-type: none"> • Þróa nýjar vörur og eiginleika sem nýtast notendum okkar. Upplýsingar um hvernig fólk notaði myndirnar sínar í Picasa, fyrsta myndaforritinu frá Google, hjálpuðu okkur til dæmis við að hanna Google-myndir. Við getum einnig notað upplýsingar sem eru aðgengilegar öllum á netinu

Ástæða og aðferðir gagnauðvinnslu	Hvaða gögn eru tekin til úrvinnslu	Réttarheimildir
<p>á borð við Google Translate, Bard og Cloud-gervigreindareiginleika.</p> <ul style="list-style-type: none"> Við notum samskipti þín við gervigreindarlíkön og tækni á borð við Bard til að þróa, þjálf, fínstilla og bæta þessi líkön til að geta unnið betur úr fyrirspurnum frá þér og til að uppfæra flokkara þeirra og síur til að bæta öryggi, tungumálaskilning og áreiðanleika hvað staðreyndir varðar. 	<p>Google-reikning (t.d. nafn og aðgangsorð, símanúmer, fæðingardagur eða greiðsluupplýsingar).</p> <ul style="list-style-type: none"> Upplýsingar sem við söfnum þegar þú notar þjónustur okkar: <ul style="list-style-type: none"> Upplýsingar um forritin þín, vafrana og tækin, s.s. einkvæm auðkenni sem tengjast vafranum, forritinu eða tækinu sem þú notar og upplýsingar um samskipti forrita þinna, vafra og tækja við þjónustur okkar (t.d. IP-tölu, hrunkýrslur og kerfisvirkni). Upplýsingar um virkni þína í þjónustum okkar, t.d. 	<p>eða á öðrum opinberum stöðum til að þjálf gervigreindarlíkön Google og nota slíka grundvallartækni til að byggja upp vörur og eiginleika eins og Google Translate, Bard og Cloud-gervigreindareiginleika.</p> <ul style="list-style-type: none"> Veita, viðhalda og bæta þjónustur okkar til að uppfylla þarfir notenda okkar. Til dæmis notum við upplýsingar um virkni þína í þjónustum okkar, t.d. samskipti þín við Bard, til að þjálf og bæta vélhámslíkön og uppfæra tungumálaskilning þeirra, öryggisflokka og síur. Með þínu samþykki, til dæmis að vista hljóðupptök af raddsamskiptum við Google-leit, Hjálpara, Kort og Gboard til að þróa

Ástæða og aðferðir gagnaúrvinnslu	Hvaða gögn eru tekin til úrvinnslu	Réttarheimildir
	<p>leitarfyrirspurnir, vafraveril Chrome sem þú hefur samstillt við Google-reikninginn þinn, skoðanir þína á og samskipti við efni og auglýsingar og virkni þína á vefsvæðum og í forritum þriðju aðila sem nota þjónustur okkar. Þú getur farið yfir og stjórnað virknigögnum sem eru vistuð á Google-reikningnum þínum í Mín virkni.</p> <ul style="list-style-type: none">• Staðsetningarupplýsingar sem kunna að vera ákvarðaðar með GPS, IP-tölu og öðrum gögnum frá skynjurum á	og bæta hljóðtækni Google.

Ástæða og aðferðir gagnaúrvinnslu	Hvaða gögn eru tekin til úrvinnslu	Réttarheimildir
	<p>eða í kringum tækið þitt, sem að hluta til fer eftir tækinu þínu og stillingum reikningsins.</p> <ul style="list-style-type: none"><li data-bbox="687 591 943 1200">• Upplýsingar frá opinberum heimildum, t.d. upplýsingar sem eru opnar almenningi á netinu (t.d. ef nafnið þitt kemur fram í blaðagrein) eða upplýsingar frá öðrum opinberum heimildum.<li data-bbox="687 1234 943 2063">• Upplýsingar frá traustum samstarfsaðilum okkar, t.d. frá skráþjónustum sem veita okkur upplýsingar um fyrirtæki til að birta í Google-þjónustum, eða frá samstarfsaðilum á sviði öryggismála sem veita okkur upplýsingar sem við notum við varnir gegn misnotkun.	

Ástæða og aðferðir gagnauðvinnslu	Hvaða gögn eru tekin til úrvinnslu	Réttarheimildir
<p>Til að veita sérsníðna þjónustu, þ.m.t. efni og auglýsingar</p> <p>Til að sérsníða þjónustu okkar að þér, svo sem til að bjóða upp á tillögur, sérsníðið efni og sérsníðnar leitarniðurstöður.</p> <p>Dæmi um úrvinnslu:</p> <ul style="list-style-type: none"> Öryggisskoðunareiginleiki Google veitir öryggisá bendingar í samræmi við notkun þína á Google-vörum. Google-fréttir kunna að birta þér staðbundnar fréttaniðurstöður í samræmi við áætlaða staðsetningu þína. Google-leit kann að birta þér niðurstöður í samræmi við áætlaða staðsetningu þína. Google-hjálparinn getur notað tengiliðina þína til að senda skilaboð þegar þú biður um það, t.d. „Send a text to John Smith“. Google Play notar upplýsingar eins og hvaða forrit þú hefur þegar sett upp og vídeó sem þú hefur skoðað á YouTube til að stinga upp á nýjum forritum sem gætu höfðað til þín. 	<p>Upplýsingarnar sem teknar eru til úrvinnslu fara eftir notkun þinni á Google-þjónustum og stillingunum þínum en þær geta m.a. verið eftirfarandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> Atriði sem þú býrð til eða lætur okkur í té: <ul style="list-style-type: none"> Efni sem þú býrð til, hleður upp eða móttækur (s.s. myndir, myndskreið, tölvupóstur, skjöl og töflureiknar) Google-stjórnborðið gerir þér kleift að stjórna upplýsingum sem tengjast tilteknum vörum. Persónuupplýsingar sem þú gefur upp þegar þú stofnar Google-reikning (t.d. nafn og aðgangsorð, símanúmer, fæðingarda 	<p>Réttarheimildir til úrvinnslu þessara upplýsinga fara eftir því hvernig þú notar Google-þjónustur og hvaða stillingar þú velur en þær geta náð yfir eftirfarandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> Til að uppfylla samning við þig, t.d. þegar Google-hjálparinn notar tengiliðina þína til að senda skilaboð þegar þú biður um það, t.d. „Send a text to John Smith“. Þegar nauðsyn krefur vegna lögmatra hagsmuna okkar og þriðju aðila, þar á meðal til að: <ul style="list-style-type: none"> Sérsníða þjónustur okkar til að bæta upplifun notanda. Til dæmis að birta Google-dúllu á upphafssiðu Leitar til að fagna viðburði sem á eingöngu við um þitt heimaland, veita öryggisá bendingar í takt við notkun þína á Google-vörum eða sérsníða upplifunina í

Ástæða og aðferðir gagnaúrvinnslu	Hvaða gögn eru tekin til úrvinnslu	Réttarheimildir
<ul style="list-style-type: none"> Við gætum birt Google-dúllu á upphafssíðu Leitar til að halda upp á viðburð sem á eingöngu við um þitt heimaland. Google getur nú birt þér auglýsingar sem byggjast á samhengi vefsvæðisins sem þú skoðar hverju sinni, t.d. auglýsingar um garðyrkjuvörur á síðu sem fjallar um garðyrkjuráð. Þegar þú hefur skráð þig inn á Google-reikninginn þinn og ert með kveikt á vef- og forritavirknistýringum geturðu fengið gagnlegri leitarniðurstöður sem byggjast á fyrri leitum og virkni úr öðrum Google-þjónustum. <p>Til að birta þér sérsniðnar auglýsingar í takt við áhugasviðin þín, í samræmi við stillingarnar sem þú velur.</p> <p>Dæmi um úrvinnslu:</p> <ul style="list-style-type: none"> Ef þú leitar að „fjallahjólum“ eða horfir á vídeó af fjallahjólreiðum gætirðu séð auglýsingar um íþróttabúnað í leitarniðurstöðum eða á YouTube. 	<p>gur eða greiðsluupplýsingar).</p> <ul style="list-style-type: none"> Upplýsingar sem við söfnum þegar þú notar þjónustur okkar: <ul style="list-style-type: none"> Upplýsingar um forritin þín, vafrana og tækin, s.s. <u>einkvæm auðkenni</u> sem tengjast vafranum, forritinu eða tækinu sem þú notar og upplýsingar um samskipti forrita þinna, vafra og tækja við þjónustur okkar (t.d IP-tölu, hrunskýrslur og kerfisvirkni). Upplýsingar um virkni þína í þjónustum okkar, t.d. leitarfyrirspurnir, vafraveril Chrome sem þú hefur samstillt við 	<p>samræmi við aldur notandans, ef það á við.</p> <ul style="list-style-type: none"> Þjóða upp á auglýsingar, en það gerir okkur kleift að þjóða upp á margar af þjónustum okkar án greiðslu. Til dæmis að birta þér auglýsingar í takt við samhengi vefsvæðisins sem þú skoðar hverju sinni, t.d. auglýsingar um garðyrkjuvörur á síðu með garðyrkjuráðum . (Við biðjum þig um samþykki fyrir sérsniði auglýsinga.) Með þínu samþykki, t.d. að mæla með forritum á Google Play í samræmi við vídeóin sem þú hefur skoðað á YouTube eða að birta þér sérsniðnar auglýsingar í takt við áhugasvið, t.d. auglýsingar sem tengjast bakstri þegar þú vafrar um netið eftir að hafa horft á vídeó um bakstur á YouTube.

Ástæða og aðferðir gagnárvinnslu	Hvaða gögn eru tekin til úrvinnslu	Réttarheimildir
<ul style="list-style-type: none"> • Þú gætir séð fleiri auglýsingar um bakstur þegar þú vafrar um vefinn eftir að hafa horft á myndskaið um bakstur á YouTube. • Þú gætir einnig séð sérsniðnar auglýsingar byggðar á upplýsingum frá auglýsandanum. Ef þú verslaðir til dæmis á vefsvæði auglýsanda getur hann notað upplýsingar um heimsókn þína til að sýna þér auglýsingar. 	<p>Google-reikninginn þinn, skoðanir þína á og samskipti við efni og auglýsingar og virkni þína á vefsvæðum og í forritum þriðju aðila sem nota þjónustur okkar. Þú getur farið yfir og stjórnað virknigögnum sem eru vistuð á Google-reikningnum þínum í Mín virkni.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Staðsetning arupplýsingar sem kunna að vera ákvarðaðar með GPS, IP-tölu og öðrum gögnum frá skynjurum á eða í kringum tækið þitt, sem að hluta til fer eftir tækinu þínu 	

Ástæða og aðferðir gagnaúrvinnslu	Hvaða gögn eru tekin til úrvinnslu	Réttarheimildir
	<p>og stillingum reikningsins.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Upplýsingar frá opinberum heimildum, t.d. upplýsingar sem eru opnar almenningi á netinu (t.d. ef nafnið þitt kemur fram í blaðagrein) eða upplýsingar frá öðrum opinberum heimildum. • Upplýsingar frá traustum samstarfsaðilum okkar, t.d. frá skráþjónustum sem veita okkur upplýsingar um fyrirtæki til að birta í Google-þjónustum, eða frá samstarfsaðilum á sviði öryggismála sem veita okkur upplýsingar sem við notum við varnir gegn misnotkun. 	
<p>Til að mæla árangur – við notum gögn til greininga og mælinga til að átta okkur á því hvernig þjónusturnar okkar eru notaðar.</p>	<p>Upplýsingarnar sem teknar eru til úrvinnslu fara eftir notkun þinni á Google-þjónustum og stillingunum</p>	<p>Réttarheimildir til úrvinnslu þessara upplýsinga fara eftir því hvernig þú notar Google-þjónustur og hvaða stillingar þú velur</p>

Ástæða og aðferðir gagnauðvinnslu	Hvaða gögn eru tekin til úrvinnslu	Réttarheimildir
<p>Dæmi um úrvinnslu:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Við greinum gögn um heimsóknir þínar á vefsvæðin okkar í tilgangi sem snýr m.a. að úrbótum á vöruhönnun. • Við notum gögn um auglýsingarnar sem þú bregst við til að hjálpa auglýsendum að skilja árangur auglýsingaherferða sinna. • Við notum gögn um það hvaða staði notendur smella oftast á í Google-Jörð til að greina hvaða eiginleikar eru vinsælir og til að bera kennsl á villur. • Google-leit mælir fjölda skipta sem tiltekin fyrirspurn er send inn sem og hvernig notendur meta gæði leitarniðurstaðna í þeim tilgangi að gera Leit gagnlegri. • Google Translate greinir gögn um fjölda þýðinga og fjölda skipta sem þýðing er merkt sem léleg. Þetta er gert til að bera kennsl á nýja eiginleika sem gæti verið þörf á og til að bregðast við vandamálum sem notendur rekast á í þjónustunni. 	<p>þínum en þær geta m.a. verið eftirfarandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Atriði sem þú býrð til eða lætur okkur í té: <ul style="list-style-type: none"> • Efni sem þú býrð til, hleður upp eða móttækur (s.s. myndir, myndskreið, tölvupóstur, skjöl og töflureiknar) . Google-stjórnborðið gerir þér kleift að stjórna upplýsingum sem tengjast tilteknum vörum. • Persónuupplýsingar sem þú gefur upp þegar þú stofnar Google-reikning (t.d. nafn og aðgangsorð, símanúmer, fæðingardagur eða greiðsluupplýsingar). • Upplýsingar sem við söfnum 	<p>en þær geta náð yfir eftirfarandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Þegar nauðsyn krefur vegna lögmatra hagsmuna okkar og þriðju aðila, þar á meðal til að: <ul style="list-style-type: none"> • Öðlast betri skilning á því hvernig fólk notar þjónustur okkar til að tryggja og bæta frammistöðu þjónustanna. Til dæmis að greina notkun Google Translate til að bæta gæði þýðinga og auka tiltækileika Translate á fleiri tungumálum. • Greina, koma í veg fyrir eða bregðast á annan hátt við svikum, misnotkun og öryggis- eða tæknivandamál um í þjónustum okkar. Til dæmis með því að fylgjast með notkunarmynstrum á Google-Jörð til að greina villur.

Ástæða og aðferðir gagnaúrvinnslu	Hvaða gögn eru tekin til úrvinnslu	Réttarheimildir
<ul style="list-style-type: none"> Við munum hugsanlega deila ópersónugreinanlegum upplýsingum með samstarfsaðilum okkar, t.d. leyfishöfum efnis, í samhengi við greiðslur bóknana. 	<p>þegar þú notar þjónustur okkar:</p> <ul style="list-style-type: none"> Upplýsingar um forritin þín, vafrana og tækin, s.s. einkvæm auðkenni sem tengjast vafranum, forritinu eða tækinu sem þú notar og upplýsingar um samskipti forrita þinna, vafra og tækja við þjónustur okkar (t.d. IP-tölu, hrunkýrslur og kerfisvirkni). Upplýsingar um virkni þína í þjónustum okkar, t.d. leitarfyrirspurnir, vafraveril Chrome sem þú hefur samstillt við Google-reikninginn þinn, skoðanir þína á og samskipti 	<ul style="list-style-type: none"> Veita, viðhalda og bæta þjónustur okkar til að uppfylla þarfir notenda okkar. Til dæmis með því að greina fjölda skipta sem þýðing er merkt sem léleg á Google Translate. Þetta er gert til að bregðast við vandamálum sem notendur rekast á í þjónustunni. Þróa nýjar vörur og eiginleika sem nýtast notendum okkar. Til dæmis með því að greina gögn um fjölda þýðinga í Google Translate til að bera kennsl á nýja eiginleika sem gæti verið þörf á. Til að uppfylla skyldur okkar gagnvart samstarfsaðilum okkar, til dæmis þróunaraðilum og rétthöfum. Til dæmis að

Ástæða og aðferðir gagnaúrvinnslu	Hvaða gögn eru tekin til úrvinnslu	Réttarheimildir
	<p>við efni og auglýsingar og virkni þína á vefsvæðum og í forritum þriðju aðila sem nota þjónustur okkar. Þú getur farið yfir og stjórnað virknigögnum sem eru vistuð á Google-reikningnum þínum í Mín virkni.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Staðsetning arupplýsingar sem kunna að vera ákvarðaðar með GPS, IP-tölu og öðrum gögnum frá skynjurum á eða í kringum tækið þitt, sem að hluta til fer eftir tækinu þínu og stillingum reikningsins. • Upplýsingar frá opinberum heimildum, t.d. upplýsingar sem 	<p>senda skýrslur til leyfisveitenda efnis í samhengi við greiðslur þóknana.</p>

Ástæða og aðferðir gagnaúrvinnslu	Hvaða gögn eru tekin til úrvinnslu	Réttarheimildir
	<p>eru opnar almenningi á netinu (t.d. ef nafnið þitt kemur fram í blaðagrein) eða upplýsingar frá öðrum opinberum heimildum.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Upplýsingar frá traustum samstarfsaðilum okkar, t.d. frá skráaþjónustum sem veita okkur upplýsingar um fyrirtæki til að birta í Google-þjónustum, eða frá samstarfsaðilum á sviði öryggismála sem veita okkur upplýsingar sem við notum við varnir gegn misnotkun. 	
<p>Til að eiga í samskiptum við þig – við notum upplýsingar sem við söfnum, t.d. netfangið þitt, til að hafa beint samband við þig.</p> <p>Dæmi um úrvinnslu:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Til dæmis getum við sent þér tilkynningu ef við verðum vör við grunsamlega virkni, eins og tilraun til 	<p>Upplýsingarnar sem teknar eru til úrvinnslu fara eftir notkun þinni á Google-þjónustum og stillingunum þínum en þær geta m.a. verið eftirfarandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Atriði sem þú býrð til eða lætur okkur í té: 	<p>Réttarheimildir til úrvinnslu þessara upplýsinga fara eftir því hvernig þú notar Google-þjónustum og hvaða stillingar þú velur en þær geta náð yfir eftirfarandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Til að uppfylla samning við þig, t.d. þegar þú hefur samband við

Ástæða og aðferðir gagnauðvinnslu	Hvaða gögn eru tekin til úrvinnslu	Réttarheimildir
<p>innskráningar á Google-reikninginn þinn frá óvenjulegum stað.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Við kunnum að láta þig vita af væntanlegum breytingum eða úrbótum á þjónustum okkar. • Ef þú átt samskipti við Google geymum við afrit af beiðninni til að auðvelda úrlausnir vandamála sem upp kunna að koma. • Google-þjónustur á borð við Myndir kunna að senda þér markaðsefni um tilboð á vörum, t.d. tilboð á prentunum, en það fer eftir stillingunum sem þú velur. • Google-þjónustur á borð við YouTube Premium og YouTube Music Premium kunna að tilkynna þér um væntanlegar breytingar á áskriftinni þinni. 	<ul style="list-style-type: none"> • Efni sem þú býrð til, hleður upp eða móttækur (s.s. myndir, myndskreið, tölvupóstur, skjöl og töflureiknar) . Google-stjórnborðið gerir þér kleift að stjórna upplýsingum sem tengjast tilteknum vörum. • Persónuupplýsingar sem þú gefur upp þegar þú stofnar Google-reikning (t.d. nafn og aðgangsorð, símanúmer, fæðingardagur eða greiðsluupplýsingar). • Upplýsingar sem við söfnum þegar þú notar þjónustur okkar: <ul style="list-style-type: none"> • Upplýsingar um forritin þín, vafrana og tækin, s.s. 	<p>Google til að fá aðstoð eða skráir þig í áskrift að tilkynningum um vöruuppfærslur.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Þegar nauðsyn krefur vegna lögmatra hagsmuna okkar og þriðju aðila, þar á meðal til að: <ul style="list-style-type: none"> • Veita, viðhalda og bæta þjónustur okkar til að uppfylla þarfir notenda okkar. Til dæmis að tilkynna þér um þjónusturnar okkar, s.s. að láta þig vita af væntanlegum breytingum eða úrbótum á þjónustum okkar. • Markaðssetning til að upplýsa notendur um þjónustur okkar. Til dæmis að senda notendum Mynda tölvupóst um tilboð á prentunum.

Ástæða og aðferðir gagnaúrvinnslu	Hvaða gögn eru tekin til úrvinnslu	Réttarheimildir
	<p>einkvæm auðkenni sem tengjast vafranum, forritinu eða tækinu sem þú notar og upplýsingar um samskipti forrita þinna, vafra og tækja við þjónustur okkar (t.d IP- tölu, hrunskýrslur og kerfisvirkni).</p> <ul style="list-style-type: none">• Upplýsingar um virkni þína í þjónustum okkar, t.d. leitarfyrirspurnir, vafraferil Chrome sem þú hefur samstillt við Google-reikninginn þinn, skoðanir þína á og samskipti við efni og auglýsingar og virkni þína á vefsvæðum og í forritum þriðju aðila	

Ástæða og aðferðir gagnaúrvinnslu	Hvaða gögn eru tekin til úrvinnslu	Réttarheimildir
	<p>sem nota þjónustur okkar. Þú getur farið yfir og stjórnað virknigögnum sem eru vistuð á Google-reikningnum þínum í Mín virkni.</p> <ul style="list-style-type: none">• Staðsetning arupplýsingar sem kunna að vera ákvarðaðar með GPS, IP-tölu og öðrum gögnum frá skynjurum á eða í kringum tækið þitt, sem að hluta til fer eftir tækinu þínu og stillingum reikningsins.• Upplýsingar frá opinberum heimildum, t.d. upplýsingar sem eru opnar almenningi á netinu (t.d. ef nafnið þitt kemur fram í blaðagrein) eða upplýsingar frá	

Ástæða og aðferðir gagnaúrvinnslu	Hvaða gögn eru tekin til úrvinnslu	Réttarheimildir
	<p>öðrum opinberum heimildum.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Upplýsingar frá traustum samstarfsaðilu m okkar, t.d. frá skráþjónustum sem veita okkur upplýsingar um fyrirtæki til að birta í Google-þjónustum, eða frá samstarfsaðilu m á sviði öryggismála sem veita okkur upplýsingar sem við notum við varnir gegn misnotkun. 	
<p>Til að vernda Google, notendur okkar og almenning</p> <p>Til að bæta öryggi og áreiðanleika í þjónustum okkar. Það gerum við m.a. með því að greina, koma í veg fyrir og bregðast við svikum, misnotkun, öryggisáhættum og tæknilegum vandamálum sem gætu skaðað Google, notendur okkar eða almenning.</p> <p>Dæmi um úrvinnslu:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Við söfnum og greinum IP-tölur og gögn fótspora til að veita 	<p>Upplýsingarnar sem teknar eru til úrvinnslu fara eftir notkun þinni á Google-þjónustum og stillingunum þínum en þær geta m.a. verið eftirfarandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Atriði sem þú býrð til eða lætur okkur í té: <ul style="list-style-type: none"> • Efni sem þú býrð til, hleður upp eða móttækur (s.s. myndir, myndskreið, 	<p>Réttarheimildir til úrvinnslu þessara upplýsinga fara eftir því hvernig þú notar Google-þjónustur og hvaða stillingar þú velur en þær geta náð yfir eftirfarandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Þegar nauðsyn krefur vegna lögmetra hagsmuna okkar og þriðju aðila, þar á meðal til að: <ul style="list-style-type: none"> • Fylgja eftir lagalegum kröfum, til dæmis með því að rannsaka

Ástæða og aðferðir gagnauðvinnslu	Hvaða gögn eru tekin til úrvinnslu	Réttarheimildir
<p>vernd gegn misnotkun sem gerð er með sjálfvirkum hætti. Slík misnotkun tekur á sig ýmsar myndir, þar á meðal eru ruslpóstsendingar til notenda Gmail, þjófnaður á peningum frá auglýsendum með því að smella með sviksamlegum hætti á auglýsingar eða ritskoðun á efni með dreifðri atlögu að þjónustumiðlun (DDoS-árás).</p> <ul style="list-style-type: none"> Eiginleikinn sem kallast „síðasta aðgerð“ getur hjálpað þér að finna út hvort og þá hvenær einhver opnaði tölvupóstinn þinn án þinnar vitneskju. Þessi eiginleiki sýnir þér upplýsingar um síðustu aðgerðir í Gmail, eins og IP-tölur þeirra sem opnuðu tölvupóstinn, staðsetningu þeirra og dagsetninguna og tímann sem aðgangurinn átti sér stað. Við greinum efnið þitt til að geta greint misnotkun á borð við ruslpóst, spilliforrit og ólöglegt efni. Við vinnum úr upplýsingum um beiðnir um að fjarlægja 	<p>tölvupóstur, skjöl og töflureiknar) . Google-stjórnborðið gerir þér kleift að stjórna upplýsingum sem tengjast tilteknum vörum.</p> <ul style="list-style-type: none"> Persónuupplýsingar sem þú gefur upp þegar þú stofnar Google-reikning (t.d. nafn og aðgangsorð, símanúmer, fæðingardagur eða greiðsluupplýsingar). Upplýsingar sem við söfnum þegar þú notar þjónustur okkar: <ul style="list-style-type: none"> Upplýsingar um forritin þín, vafrana og tækin, s.s. einkvæm auðkenni sem tengjast vafranum, forritinu eða tækinu sem þú notar og 	<p>hugsanleg brot á gildandi þjónustuskilmálum. Til dæmis með því að greina efni til að hjálpa okkur að bera kennsl á misnotkun á borð við ruslpóst, spilliforrit og ólöglegt efni.</p> <ul style="list-style-type: none"> Greina, koma í veg fyrir eða bregðast á annan hátt við svikum, misnotkun og öryggis- eða tæknivandamál um í þjónustum okkar. Til dæmis með því að safna og greina IP-tölur og fótspora gögn til að vernda gegn misnotkun sem er framkvæmd með sjálfvirkni. Verja réttindi, eignir og öryggi Google, notenda okkar eða almennings fyrir tjóni, eins og lög mæla fyrir um og leyfa, þar á meðal með því að láta yfirvöldum í té

Ástæða og aðferðir gagnauðvinnslu	Hvaða gögn eru tekin til úrvinnslu	Réttarheimildir
<p>efni úr þjónustum okkar í samræmi við reglur Google um fjarlægingu efnis eða gildandi lög þegar mat er lagt á slíkar beiðnir, en þetta er einnig gert til að tryggja gagnsæi, auka ábyrgðarskyldu og koma í veg fyrir misnotkun og svik í umræddum ferlum.</p> <p>Til að fylgja öllum viðeigandi lögum, reglugerðum og málsmeðferðum eða framfylgja beiðnum yfirvalda.</p> <p>Dæmi um úrvinnslu:</p> <ul style="list-style-type: none"> Eins og gildir um önnur tækni- og fjarskiptafyrirtæki fær Google oft og tíðum beiðnir frá yfirvöldum og dómstólum víða um heim um að upplýsa um gögn notenda. Virðing fyrir friðhelgi og öryggi gagnanna sem þú geymir hjá Google er það sem við höfum að leiðarljósi þegar við bregðumst við þessum lagalegu beiðnum. Lögfræðingar okkar fara yfir hverja einustu beiðni, burtséð frá eðli hennar, og við streitumst iðulega á móti þegar beiðnirnar virðast óeðlilega 	<p>upplýsingar um samskipti forrita þinna, vafra og tækja við þjónustur okkar (t.d. IP-tölu, hrunskýrslur og kerfisvirkni).</p> <ul style="list-style-type: none"> Upplýsingar um virkni þína í þjónustum okkar, t.d. leitarfyrirspurnir, vafraveril Chrome sem þú hefur samstillt við Google-reikninginn þinn, skoðanir þína á og samskipti við efni og auglýsingar og virkni þína á vefsvæðum og í forritum þriðju aðila sem nota þjónustur okkar. Þú getur farið yfir og stjórnað virknigögnum 	<p>upplýsingar. Til dæmis með því að bregðast við málarekstri eða framfylgjanlegum beiðnum yfirvalda og dómstóla um að láta í té gögn, að lokinni ítarlegri yfirferð hvernar beiðni til að tryggja að hún samræmist gildandi lögum.</p> <ul style="list-style-type: none"> Framkvæma rannsóknir sem bæta þjónustur okkar fyrir notendur og koma almenningi til góða. Til dæmis vinnum við úr upplýsingum um beiðnir um að fjarlægja efni úr þjónustum okkar í því skyni að upplýsa almenning, ýta undir rannsóknir og tryggja gagnsæi í tengslum við slíkar beiðnir. Þegar þörf krefur til að vernda persónulega hagsmuni þína eða annars aðila. Til dæmis með því að vinna úr gögnum til

Ástæða og aðferðir gagnauðvinnslu	Hvaða gögn eru tekin til úrvinnslu	Réttarheimildir
<p>víðtækar eða samræmast ekki viðurkenndum ferlum.</p> <ul style="list-style-type: none"> Lagalegar skyldur krefjast þess stundum, t.d. vegna fjárhagsbókhalds, að við höldum eftir vissum upplýsingum, s.s. upplýsingum um greiðslur þínar til Google í tengslum við úrvinnslu skatta og bókhalds. Ýmis lög og reglugerðir krefjast þess að við bjóðum upp á aðferðir til að staðfesta að notendur okkar hafi náð tilskildum aldri til að nota þjónustur okkar. Til að ákvarða aldur þinn vinnum við úr fæðingardegnum sem þú skráir. Við vinnum einnig úr upplýsingum um virkni þína í þjónustum okkar, bæði þegar innskráning þín á Google-reikning er virk og þegar þú hefur skráð þig út, og notum vélnámstækni til að meta hvort þú hafir líklega náð 18 ára aldri. Í sumum tilfellum, ef við getum ekki notað aðrar leiðir til að staðfesta að þú hafir náð tilskildum aldri til að nota þjónustur okkar, kunnum við að óska eftir öðrum 	<p>m sem eru vistuð á Google-reikningnum þínum í Mín virkni.</p> <ul style="list-style-type: none"> Staðsetning arupplýsingar sem kunna að vera ákvarðaðar með GPS, IP-tölu og öðrum gögnum frá skynjurum á eða í kringum tækið þitt, sem að hluta til fer eftir tækinu þínu og stillingum reikningsins. Upplýsingar frá opinberum heimildum, t.d. upplýsingar sem eru opnar almenningi á netinu (t.d. ef nafnið þitt kemur fram í blaðagrein) eða upplýsingar frá öðrum opinberum heimildum. Upplýsingar frá traustum samstarfsaðilu 	<p>að greina og berjast gegn kynferðislegri misnotkun barna á netinu.</p> <ul style="list-style-type: none"> Þegar okkur ber lagaleg skylda til að gera slíkt, t.d. til að varðveita tiltekna upplýsingar í tilgangi sem snýr að bókhaldsskráningu eða til að vinna úr og varðveita upplýsingar til að auðvelda okkur að ganga úr skugga um að notendur hafi náð tilskildum aldri til að nota þjónustur okkar.

Ástæða og aðferðir gagnaúrvinnslu	Hvaða gögn eru tekin til úrvinnslu	Réttarheimildir
upplýsingum til að staðfesta aldur þinn, s.s. opinberum skilríkjum, kreditkort, mynd af þér eða símanúmerinu þínu.	m okkar , t.d. frá skráþjónustum sem veita okkur upplýsingar um fyrirtæki til að birta í Google-þjónustum, eða frá samstarfsaðilu m á sviði öryggismála sem veita okkur upplýsingar sem við notum við varnir gegn misnotkun.	

NÁNAR UM ÞESSA STEFNU

Þegar þessi stefna á við

Þessi persónuverndarstefna gildir um alla þjónustu veitta af Google LLC og [hlutdeildarfélagum þess](#), þar með talið YouTube, Android og þjónustu sem er í boði á vefsvæðum þriðju aðila, svo sem auglýsingaþjónustu. Þessi persónuverndarstefna gildir ekki um þjónustu með eigin persónuverndarstefnu sem felur ekki í sér þessa persónuverndarstefnu.

Þessi persónuverndarstefna gildir ekki um eftirfarandi:

- Upplýsingaaðferðir annarra fyrirtækja og stofnana sem auglýsa þjónustur okkar
- Þjónustur sem veittar eru af öðrum fyrirtækjum eða einstaklingum, þar með taldar vörur eða vefsvæði í boði slíkra aðila sem kunna að innihalda Google þjónustur sem

stefnan gildir um, eða vörur eða vefsvæði sem birtast þér í leitarniðurstöðum eða eru tengdar við þjónustur okkar.

Breytingar á þessari stefnu

Þessi persónuverndarstefna kann að taka breytingum af og til. Við munum ekki takmarka réttindi þín samkvæmt þessari persónuverndarstefnu án yfirlýsts samþykkis frá þér. Við tilgreinum ávallt dagsetninguna þegar breytingar voru síðast birtar og við veitum aðgang að [eldri útgáfum](#) sem þú getur skoðað. Þegar verulegar breytingar eru gerðar munu við kynna slíkt á ítarlegan hátt (þ.m.t. tilkynningu í tölvupósti um veigamiklar breytingar á persónuverndarstefnu tiltekinna þjónusta).

TENG DAR VINNUREGLUR UM PERSÓNUVERND

Tilteknar þjónustur Google

Eftirfarandi tilkynningar um persónuvernd veita ítarlegri upplýsingar um tilteknar þjónustur Google:

- [Payments](#)
- [Fiber](#)
- [Google Fi](#)
- [Google Workspace for Education](#)
- [Read Along](#)
- [YouTube fyrir krakka](#)
- [Google reikningar fyrir börn undir 13 ára aldri \(eða þeim aldri sem við á í þínu landi\) sem er stjórnað með Family Link.](#)
- [Persónuverndarhandbók Family Link fyrir börn og unglunga](#)

- [Söfnun radd- og hljóðgagna úr eiginleikum fyrir börn í Google hjálparanum](#)

Ef þú tilheyrir fyrirtæki/stofnun sem notar Google Workspace eða Google Cloud Platform geturðu kynnt þér hvernig þessar þjónustur safna og nota persónuupplýsingar þínar í [upplýsingum um persónuvernd Google Cloud](#).

Aðrir gagnlegir tenglar

Eftirfarandi tenglar vísa á aðra staði þar sem finna má nánari upplýsingar um vinnureglur okkar og persónuverndarstillingar.

- [Google reikningurinn þinn](#) er miðstöð margvíslegra stillinga sem þú getur notað til að stjórna reikningnum þínum
 - [Yfirferð persónuverndarstillinga](#) veitir þér leiðsögn um mikilvægustu persónuverndarstillingarnar á Google reikningnum þínum
 - Í [öryggismiðstöð Google](#) má finna nánari upplýsingar um innbyggðar öryggisvarnir okkar, persónuverndarstillingar og verkfæri sem hjálpa þér að setja stafrænar grundvallarreglur fyrir fjölskylduna á netinu.
 - [Persónuverndarhandbók Google fyrir unglina](#) inniheldur svör við helstu spurningum sem okkur berast varðandi persónuvernd
 - [Persónuvernd og skilmálar](#) veita ítarlegri upplýsingar um persónuverndarstefnuna og þjónustuskilmálana
 - Í [Tækni](#) má finna nánari upplýsingar um:
 - [Notkun Google á fótsporum](#)
 - Tækni sem er notuð fyrir [auglýsingar](#)
 - [Hvernig Google notar upplýsingar frá vefsvæðum eða forritum sem nota þjónustu okkar](#)
-

Lykilhugtök

Einkvæm auðkenni

Einkvæmt auðkenni er stafastrengur sem má nota til að auðkenna vafra, forrit eða tæki á einkvæman hátt. Auðkenni eru mismunandi eftir því hversu varanleg þau eru, hvort notendur geta endurstíllt þau og hvernig fá má aðgang að þeim.

Einkvæm auðkenni eru notuð í ýmsum tilgangi, þ. á m. til öryggisgreiningar og til að koma upp um svindl, fyrir samstillingarþjónustu á borð við tölvupósthólfid þitt, til að muna kjörstillingarnar þínar og til að bjóða upp á sérsníðnar auglýsingar. Einkvæm auðkenni sem eru geymd í fótsporum hjálpa til dæmis vefsvæðum að birta efni í vafranum þínum á völdu tungumáli. Þú getur stíllt vafrann þannig að hann útiloki öll fótspor eða hann láti vita þegar fótspor er sent. Kynntu þér nánari upplýsingar um [hvernig Google notar fótspor](#).

Fyrir aðra vettvanga en vafra eru einkvæm auðkenni notuð til að bera kennsl á tiltekið tæki, eða forrit í tækinu sem um ræðir. Einkvæmt auðkenni eins og til dæmi auglýsingakennið er notað til að veita viðeigandi auglýsingar á Android tækjum og því má [stjórna](#) í stillingum tækisins. Framleiðandi tækisins getur einnig komið fyrir einkvæmu auðkenni (stundum kallað universally unique ID eða UUID), eins og til dæmis IMEI-númeri fyrir farsíma. Einkvæmt auðkenni tækis má til dæmis nota til að sérsníða þjónustu okkar að tækinu þínu, eða greina vandamál sem koma upp í tækinu varðandi þjónustu okkar.

Fótspor

Fótspor er lítil skrá sem inniheldur stafarunu og er send í tölvuna þína þegar þú opnar vefsvæði. Fótsporið leyfir viðkomandi vefsvæði að þekkja vafrann á ný þegar þú heimsækir vefsvæðið aftur. Fótspor geta geymt upplýsingar um kjörstillingar notandans og aðrar upplýsingar. Þú getur stíllt vafrann þannig að hann útiloki öll fótspor eða hann láti vita þegar fótspor er sent. Hins vegar er möguleiki á að einhverjir eiginleikar eða þjónusta vefsvæða virki ekki eðlilega nema fótspor séu notuð. Kynntu þér nánari upplýsingar um [hvernig Google notar fótspor](#) og hvernig Google notar gögn, þar á meðal fótspor, [þegar þú notar vefsvæði eða forrit frá samstarfsaðilum okkar](#).

Google reikningur

Þú getur fengið aðgang að tiltekinni þjónustu okkar með því að stofna [Google reikning](#) og veita okkur tilteknar persónuupplýsingar (yfirleitt nafn, netfang og aðgangsorð). Þessar reikningsupplýsingar eru notaðar til að sannvotta þig þegar þú opnar Google þjónustu og til að verja reikninginn þinn gegn óviðeigandi aðgangi annarra. Þú getur breytt eða eytt reikningnum þínum hvenær sem er í stillingum Google reikningsins.

Hlutdeildarfélag

Hlutdeildarfélag er eining sem tilheyrir fyrirtækjahópi Google, þar á meðal eftirfarandi fyrirtæki sem veita neytendaþjónustu innan ESB: Google Ireland Limited, Google Commerce Ltd, Google Payment Corp og Google Dialer Inc. Kynntu þér nánari upplýsingar um [fyrirtæki sem veita viðskiptaþjónustu innan ESB](#).

IP-tala

Öll tæki sem tengjast internetinu fá úthlutað tölu sem kölluð er IP-tala. Þessum tölum er yfirleitt úthlutað í klösum á tiltekin landfræðileg svæði. Oft er hægt að nota IP-tölu til að greina staðsetningu tækis sem tengist internetinu.

Notkunarskrár netþjóna

Netþjónar okkar skrá sjálfkrafa beiðnir um síður þegar notendur kíkja á vefsvæðin okkar, eins og gert er á flestum vefsvæðum. Þessar „notkunarskrár netþjóna“ innihalda yfirleitt upplýsingar um vefbeiðni þína, IP-tölu, gerð vafra, tungumál vafra, dagsetningu og tíma beiðninnar og eitt eða fleiri fótspor sem kunna að auðkenna vafrann þinn.

Hefðbundin skráning í annál fyrir leit að „bílum“ lítur svona út:

```
123.45.67.89 - 25/Mar/2003 10:15:32 -  
http://www.google.com/search?q=cars -  
Firefox 1.0.7; Windows NT 5.1 -  
740674ce2123e969
```

- 123.45.67.89 er IP-talan sem netþjónusta notandans hefur úthlutað honum. Hugsanlega úthlutar netþjónustan ólíkri tölu í hvert skipti sem notandinn tengist internetinu, en slíkt fer eftir þjónustu notandans.
- 25/Mar/2003 10:15:32 er dagsetning og tími beiðninnar.

- <http://www.google.com/search?q=cars> er umbeðna vefslóðin ásamt leitarfyrirspurninni.
- `Firefox 1.0.7; Windows NT 5.1` er vafrinn og stýrikerfið sem er notað.
- `740674ce2123a969` er einkvæma auðkenni fótsporsins sem var úthlutað þessari tölvu í fyrsta sinn sem hún heimsótti Google. (Notendur geta eytt fótsporum. Ef notandi hefur eytt fótspori úr tölvunni eftir síðustu heimsókn á Google, verður nýtt einkvæmt auðkenni notað fyrir næstu heimsókn notandans á Google úr þessu tiltekna tæki).

Ópersónugreinanlegar upplýsingar

Þetta eru upplýsingar um notendur sem eru skráðar á þann hátt, að þær tengjast ekki lengur né vísa í auðkennanlegan notanda.

Persónuupplýsingar

Þetta eru upplýsingar sem þú veitir okkur og auðkenna þig persónulega, til dæmis nafn, netfang, greiðsluupplýsingar eða önnur gögn sem Google getur með góðu móti tengt við slíkar upplýsingar, til að mynda þær upplýsingar sem við tengjum við Google reikninginn þinn.

Pixlamerki

Pixlamerki er tiltekin gerð af tækni sem komið er fyrir á vefsvæðum eða í tölvupósti til að rekja tiltekna aðgerðir, eins og skoðanir á vefsvæðum eða opnun á tölvupósti. Pixlamerki eru oft notuð ásamt fótsporum.

Reiknirit

Ferli eða reglur sem tölva fylgir við aðgerðir til að leysa vandamál.

Skyndiminni forritsgagna

Skyndiminni forritsgagna er gagnageymsla í tæki. Það getur til að mynda gert vefforriti kleift að vinna án nettengingar og bætt afköst forrits með því að gera hleðslu efnis hraðari.

Tilvísunarvefslóð

Tilvísunarvefslóð (vefslóð) eru upplýsingar sem vafri sendir til áfangasíðu, venjulega þegar þú smellir á tengil á þá síðu. Tilvísunarvefslóðin inniheldur vefslóð fyrir vefsíðuna sem vafrinn heimsótti síðast.

Tæki

Tæki er tölva sem nota má til að fá aðgang að þjónustu Google. Til dæmis teljast borðtölvur, spjaldtölvur, snjallhátalarar og snjallsímar öll vera tæki.

Vefgeymsla vafra

Vefgeymsla vafra gerir vefsvæðum kleift að geyma gögn í vafra á tæki. Þegar hún er notuð sem „staðbundin geymsla“ er hægt að vista gögn milli lota. Þannig er hægt að sækja gögnin jafnvel þótt vafrinum hafi verið lokað og hann hafi verið opnaður aftur. Eitt dæmi um tækni sem býður upp á vefgeymslu er HTML5.

Viðkvæmar persónuupplýsingar

Hér er um að ræða tiltekinn flokk persónuupplýsinga sem tengjast atriðum á borð við trúnaðarupplýsingar um heilsufar, kynþátt eða þjóðerni, pólitískar skoðanir, trúarskoðanir eða kynhneigð.

Viðbótarsamhengi

aðgerðir þínar á öðrum vefsvæðum og forritum

Þessar aðgerðir geta verið notkun þín á Google þjónustu, eins og að samstillta reikninginn þinn við Chrome, eða heimsóknir þínar á vefsvæði og forrit samstarfsaðila Google. Mörg

vefsvæði og forrit eru í samstarfi við Google til að bæta efni sitt og þjónustu. Til dæmis kann vefsvæði að nota auglýsingaþjónustu okkar (eins og AdSense) eða greiningartól (eins og Google Analytics) eða fela í sér annað efni (s.s. myndskaið frá YouTube). Þessar þjónustur gætu deilt upplýsingum um aðgerðir þínar á Google og, allt eftir [reikningsstillingunum þínum](#) og vörunum sem verið er að nota (til dæmis þegar samstarfsaðili notar Google Analytics með auglýsingaþjónustu okkar), gætu þessi gögn verið tengd persónuupplýsingunum þínum.

[Frekari upplýsingar](#) um hvernig Google notar upplýsingar þegar þú notar vefsvæði eða forrit samstarfsaðila okkar.

almening

Til dæmis vinnum við úr upplýsingum um [beiðnir um að fjarlægja efni](#) úr þjónustum okkar í samræmi við reglur Google um fjarlægingu efnis eða gildandi lög þegar mat er lagt á slíkar beiðnir, en þetta er einnig gert til að tryggja gagnsæi, auka ábyrgðarskyldu og koma í veg fyrir misnotkun og svik í umræddum ferlum.

Android tæki með Google forritum

Android tæki með Google forritum eru meðal annars tæki sem Google eða einn af samstarfsaðilum þess selur, til dæmis símar, myndavélar, farartæki, tæki til að bera á sér og sjónvörp. Slík tæki nota þjónustu Google Play og önnur forrit sem sett eru upp fyrir fram, meðal annars Gmail, Kort, myndavélina og hringiforritið í símanum, talgervil, lyklaborðsinnslett og öryggiseiginleika. Nánar um [þjónustu Google Play](#).

auglýsingar og rannsóknarþjónustur á þeirra vegum

Auglýsendur geta til dæmis hlaðið upp gögnum frá vildarkortsáætlunum sínum til að komast að því hvaða árangri auglýsingaherferðir þeirra skila. Við útvegum auglýsendum einungis uppsafnaðar skýrslur sem innihalda engar upplýsingar um einstaklinga.

auglýsingar sem gagnast þér

Til dæmis gætirðu séð fleiri auglýsingar um bakstur þegar þú vafrar um vefinn eftir að hafa horft á myndskaið um bakstur á YouTube. Við getum einnig notað IP-töluna þína til að áætla staðsetningu þína gróflega til að geta sýnt þér auglýsingar fyrir nálægan

Þítsustað þegar þú leitar að „þítsa“. Kynntu þér [Google auglýsingar](#) betur og [hvers vegna þú getur séð tiltekna auglýsingar](#).

Ábyrgðaraðili gagna sem vinnur úr upplýsingunum þínum

Þetta vísar til þess hlutdeildarfélags Google sem ber ábyrgð á úrvinnslu gagnanna þinna og að fylgja gildandi persónuverndarlögum.

fjarlægja

Samkvæmt gildandi lögum (þ.m.t. gagnaverndarlögum) og reglum okkar eins og lýst er hér að ofan geturðu t.d. lagt fram beiðni [um að fjarlægja efni](#), þ.m.t. efni sem gæti innihaldið upplýsingar um þig úr tilteknum Google þjónustum.

fólk sem skiptir þig mestu máli á netinu

Þegar þú slærð til dæmis netfang inn í reitinn fyrir viðtakanda, afrit eða falið afrit í skeyti sem þú ert að skrifa mun Gmail stinga upp á netföngum þeirra [sem þú hefur oftast samband við](#).

gera úrbætur

Við notum til dæmis fótspor til að greina hvernig fólk hefur samskipti við þjónustu okkar. Slík greining getur hjálpað okkur að búa til betri vörur. Hún getur til dæmis sýnt okkur að fólk er of lengi að ljúka tilteknum verkum eða að það geti yfirhöfuð ekki lokið tilteknum ferlum. Þá getum við hannað slíka eiginleika upp á nýtt og bætt vöruna fyrir alla.

greiðsluupplýsingar

Ef þú skráir til dæmis kreditkort eða annan greiðslumáta á Google reikningnum þínum geturðu notað kortið til að kaupa hluti í öllum þjónustum okkar, til dæmis forrit í Play Store. Við getum einnig beðið um aðrar upplýsingar eins og skattnúmer til að auðvelda að geta unnið betur úr greiðslunni frá þér. Í sérstökum tilvikum þurfum við að staðfesta auðkenni þitt og þá getum við beðið þig um upplýsingar í þeim tilgangi.

Við getum einnig notað greiðsluupplýsingarnar til að staðfesta að þú hafir náð tilskildum aldri, til dæmis ef þú færir inn fæðingardag sem gefur til kynna að þú hafir ekki náð tilskildum aldri til að vera með Google reikning. [Nánar](#)

greining á misnotkun

Þegar við finnum ruslpóst, spilliforrit, ólöglegt efni (þ.m.t. [efni sem felur í sér kynferðislega misnotkun barna og aðra misnotkun](#)) og aðrar gerðir misnotkunar á kerfum okkar sem brjóta í bága við reglur okkar lokum við hugsanlega reikningnum þínum eða grípum til annarra viðeigandi ráðstafana. Við tilteknað aðstæður tilkynnum við viðeigandi yfirvöldum um slík brot.

Gögnum frá skynjara í tækinu þínu

Tækið þitt er hugsanlega búíð skynjurum sem nota má til að átta sig betur á staðsetningu þinni og hreyfingum. Til dæmis er hægt að nota hraðamæli til að ákvarða hraðann sem þú ferðast á eða snúðvísi til að greina í hvaða átt þú ferðast.

kemur almenningi til góða

Til dæmis vinnum við úr upplýsingum um [beiðnir um að fjarlægja efni](#) úr þjónustum okkar í því skyni að upplýsa almenning, ýta undir rannsóknir og tryggja gagnsæi í tengslum við slíkar beiðnir.

lagaleg ferli eða beiðnir yfirvalda

Eins og gildir um önnur tækni- og fjarskiptafyrirtæki fær Google oft og tíðum beiðnir frá yfirvöldum og dómstólum víða um heim um að upplýsa um gögn notenda. Virðing fyrir friðhelgi og öryggi gagnanna sem þú geymir hjá Google er það sem við höfum að leiðarljósi þegar við bregðumst við þessum lagalegu beiðnum. Lögfræðingar okkar fara yfir hverja einustu beiðni, burtséð frá eðli hennar, og við streitumst iðulega á móti þegar beiðnirnar virðast óeðlilega víðtækar eða samræmast ekki viðurkenndum ferlum.

[Gagnsæisskýrslan](#) okkar veitir þér frekari upplýsingar.

notendur okkar

Til að koma í veg fyrir misnotkun og auka gagnsæi og ábyrgðarskyldu í verkferlum þegar breytingar eru gerðar á efni á netinu deilir Google t.d. gögnum um beiðnir um að fjarlægja efni úr þjónustum okkar með Lumen, sem safnar saman og greinir slíkar beiðnir í rannsóknarskyldu til að netnotendur öðlist betri skilning á eigin réttindum. [Frekari upplýsingar](#).

opinberlega aðgengilegar heimildir

Við getum til dæmis safnað saman upplýsingum sem eru aðgengilegar öllum á netinu eða á öðrum opinberum stöðum til að þjálfa gervigreindarlíkön Google og byggja upp vörur og eiginleika eins og Google Translate, Bard og Cloud-gervigreindareiginleika. Einnig getum við vistað og birt upplýsingar um fyrirtækið þitt í Google-þjónustum ef upplýsingar um fyrirtækið birtast á vefsvæði.

Radd- og hljóðupplýsingar

Þú getur t.d. valið hvort Google eigi að vista hljóðupptöku á Google reikningnum þínum þegar þú átt í samskiptum við Google leit, Hjálparann og Kort. Um leið og tækið greinir skipun um hljóðvirkjun eins og „Ok Google“, tekur Google upp röddina þína og hljóðið og nokkrar sekúndur fyrir virkjun. [Nánar](#)

reiða sig á fótspor til að starfa á réttan hátt

Við notum til dæmis fótspor sem kallast „lbs“ til að gera þér kleift að opna mörg Google skjöl í einum og sama vafranum. Útilokun á áður nefndu fótspori getur valdið því að Google skjöl starfi ekki rétt. [Nánar](#)

sameining upplýsinga sem við söfnum

Nokkur dæmi um hvernig við sameinum upplýsingarnar sem við söfnum eru m.a.:

- Þegar þú ert skráð(ur) inn á Google reikninginn þinn og leitar á Google sérðu leitarniðurstöður af opna vefnum auk viðeigandi upplýsinga úr efninu sem þú geymir í öðrum vörum frá Google, eins og Gmail eða Google dagatalinu. Þetta geta verið hlutir eins og staða á væntalegum flugferðum, bókanir á veitingarstöðum og hótélum, eða myndirnar þínar. [Nánar](#)

- Ef þú hefur átt í samskiptum við einhvern í Gmail og vilt bæta viðkomandi við sem þátttakanda í Google skjali eða viðburði í Google dagatali auðveldar Google þér slíkt með því að fylla netfangið út sjálfkrafa þegar þú byrjar að skrifa nafn viðkomandi. Þessi eiginleiki auðveldar þér að deila hlutum með fólkinu sem þú þekkir. [Nánar](#)
- Google app getur notað gögn sem þú hefur geymt í öðrum vörum frá Google til að sýna þér sérsniðnar auglýsingar, háð stillingunum þínum. Ef þú hefur til dæmis vistað leit í vef- og forritavirkninni getur Google app sýnt þér fréttagreinir og aðrar upplýsingar af áhugasviðum þínum, til dæmis íþróttarárslit, miðað við aðgerðir þínar. [Nánar](#)
- Ef þú tengir Google reikninginn þinn við Google Home geturðu stjórnað upplýsingunum þínum og komið hlutum í verk með Google hjálparanum. Þú getur til dæmis bætt viðburðum við Google dagatalið þitt eða fengið dagskrána þína fyrir daginn, beðið um uppfærslur um væntanlega flugferð eða sent upplýsingar eins og akstursleiðsögn í símann þinn. [Nánar](#)

samstarf við Google

Í dag eru yfir tvær milljónir vefsvæða og forrita utan Google sem eru í samstarfi við Google um að birta auglýsingar. [Nánar](#)

samstilling við Google reikninginn þinn

Vafriferillinn þinn í Chrome er einungis vistaður á reikningnum þínum ef þú hefur virkjað Chrome samstillingu við Google reikninginn þinn. [Nánar](#)

Sérsniðin þjónusta

Við gætum til dæmis birt Google dúllu á upphafssíðu Google til að halda upp á viðburð sem á eingöngu við um þitt heimaland.

sérsniðnar auglýsingar

Þú gætir einnig séð sérsniðnar auglýsingar byggðar á upplýsingum frá auglýsandanum. Ef þú verslaðir til dæmis á vefsvæði auglýsanda getur hann notað upplýsingar um heimsókn þína til að sýna þér auglýsingar. [Nánar](#)

sérstakir leitarniðurstöður

Þegar þú ert til dæmis skráð(ur) inn á Google reikninginn þinn og hefur gert stýringu á vef- og forritavirkni virka geturðu fengið gagnlegri leitarniðurstöður sem byggja á fyrri leit og aðgerðum þínum í öðrum þjónustum Google. Hér má nálgast [frekari upplýsingar](#). Þú getur einnig fengið sérstakir leitarniðurstöður þegar þú ert skráð(ur) út. Ef þú vilt ekki fá sérstakir leit geturðu [leitað og vafrað á lokaðan hátt](#) eða slökkt á [sérstakinni leit þegar þú ert skráð\(ur\) út](#).

sérstakir samstarfsaðilar

Við leyfum til dæmis höfundum efnis og auglýsendum á YouTube að vinna með matsfyrirtækjum til að fá frekari upplýsingar um áhorfendur myndskaiða eða auglýsinga þeirra á YouTube, með því að nota fótspor eða svipaða tækni. Söluaðilar á verslunarsíðum okkar eru annað dæmi, en þeir nota fótspor til að komast að því hversu margir notendur sjá vöruauglýsingar þeirra. [Frekari upplýsingar](#) um þessa samstarfsaðila og hvernig þeir nota upplýsingar frá þér.

símanúmer

Ef þú skráir símanúmerið þitt á reikningnum þínum er hægt að nota það í mismunandi tilgangi í öllum þjónustum Google, allt eftir stillingunum þínum. Til dæmis er hægt að nota símanúmerið þitt til að hjálpa þér að komast inn á reikninginn þinn ef þú gleymir aðgangsorðinu, hjálpa fólki við að finna þig og hafa samband við þig og til að gera auglýsingarnar sem þú sérð meira viðeigandi. [Nánar](#)

Skoðun og notkun efnis og auglýsinga

Við söfnum til dæmis saman upplýsingum um skoðun og notkun auglýsinga til að við getum útvegað auglýsendum uppsafnaðar skýrslur, til dæmis um hvort við höfum birt auglýsingu á síðu og hvort líklegt sé að notandi hafi séð auglýsinguna. Við kunnum einnig að mæla önnur samskipti, eins og hvernig þú hreyfir músina yfir auglýsingu eða hvort þú hafðir samskipti við síðuna þar sem auglýsingin birtist.

sýna þróun

Þegar aragrúi fólks byrjar að leita að einhverju tilteknu getur það veitt mjög gagnlegar upplýsingar um hvað er efst á baugi hverju sinni. Google Trends tekur úrtök úr leit á Google til að meta vinsældir leitarfyrirspurna á tilteknu tímabili og deilir slíkum niðurstöðum opinberlega í formi heildarsafns. [Nánar](#)

tengja upplýsingar

Google Analytics notast við eigin fótspor, en það þýðir að fótsporin eru stillt af viðskiptavinum Google Analytics. Viðskiptavinur Google Analytics og Google geta notað kerfin okkar til að tengja gögn sem eru fengin í gegnum Google Analytics við fótspor frá þriðja aðila, sem tengjast heimsóknum á önnur vefsvæði. Auglýsandi gæti til dæmis viljað nota gögn sín af Google Analytics til að gera auglýsingar sínar markvissari eða framkvæma frekari greiningar á vefumferð sinni. [Nánar](#)

tilteknar þjónustur Google

Þú getur til dæmis eytt [blogginu þínu](#) af Blogger eða [Google vefsvæði sem þú átt](#) af Google Sites. Þú getur einnig eytt [umsögnum](#) sem þú hefur gefið forritum, leikjum og öðru efni í Play Store.

tryggja að þjónustur okkar starfi á tilætlaðan hátt

Við höfum stöðugt eftirlit með kerfum okkar til að leita að hugsanlegum vandamálum. Ef vandamál kemur upp varðandi tiltekinn eiginleika getum við lagfært það mun hraðar ef við getum skoðað aðgerðarupplýsingarnar sem hefur verið safnað saman.

tryggja og bæta

Við greinum til dæmis hvernig fólk notar auglýsingar til að bæta árangur auglýsinga okkar.

tæki

Við getum til dæmis notað upplýsingar frá tækjunum þínum til að gefa þér ráð um hvaða tæki hentar best til að setja upp forrit eða skoða bíómynd sem þú kaupir á Google Play.

Við notum einnig þessar upplýsingar til að gera reikninginn öruggari.

upplýsingar um hluti sem eru nálægt tækinu þínu

Ef þú notar staðsetningarþjónustur Google í Android getum við bætt frammistöðu forrita eins og Google korta sem reiða sig á staðsetningu þína. Ef þú notar staðsetningarþjónustur Google sendir tækið þitt upplýsingar til Google um staðsetningu þess, skynjara (eins og hraðamæli) og um nálæga farsímasenda og Wi-Fi aðgangsstaði (eins og MAC-vistfang og sendistyrk). Öll þessi atriði hjálpa til við að áætla staðsetningu þína. Þú getur kveikt á staðsetningarþjónustum Google í stillingum tækisins. [Nánar](#)

veita þjónustu okkar

Dæmi um hvernig við notum upplýsingarnar frá þér til að bjóða upp á þjónustu okkar eru m.a.:

- Við notum IP-töluna sem er úthlutað tækinu þínu til að senda þér gögnin sem þú baðst um, eins og að hlaða inn myndskreiði á YouTube
- Við notum einkvæm auðkenni sem eru geymd í fótsporunum í tækinu þínu til að staðfesta að þú sért aðilinn sem sannarlega á að fá aðgang að Google reikningnum þínum
- Myndir og myndskreið sem þú hleður inn í Google myndum eru notuð til að hjálpa þér að búa til albúm, hreyfimyndir og önnur verk sem þú getur deilt með öðrum. [Nánar](#)
- Tölvupóstur sem þú færð til staðfestingar á flugi kann að vera notaður til að útbúa „innritunarhnapp“ sem birtist í Gmail
- Þegar þú kaupir þjónustu eða efnislega vöru af okkur getur verið að þú veitir okkur upplýsingar eins og sendingarheimilisfang eða leiðbeiningar vegna afhendingar. Við notum slíkar upplýsingar til þess að vinna úr, uppfylla og afhenda pöntunina og veita aðstoð í tengslum við vöruna eða þjónustuna sem þú kaupir.

vernd gegn misnotkun

Við notum til dæmis upplýsingar um öryggisógnir til að láta þig vita ef reikningurinn þinn er í hættu (ef slíkt gerist hjálpum við þér að grípa til aðgerða til að vernda reikninginn þinn).

viðeigandi ráðstafanir

Við gerum til dæmis gögn nafnlaus eða dulritum gögn til að tryggja að ekki sé hægt að tengja þau við aðrar upplýsingar um þig. [Nánar](#)

viðkvæmir flokkar

Þegar við sýnum þér sérsniðnar auglýsingar veljum við umfjöllunarefni sem við teljum að þú hafir áhuga á miðað við aðgerðir þínar. Þú gætir til dæmis séð auglýsingar um hluti eins og „matargerð og uppskriftir“ eða „loftsamgöngur“. Við notum hvorki efnisatriði né sýnum sérsniðnar auglýsingar sem byggjast á viðkvæmum flokkum á borð við kynþátt, trúarbrögð, kynhneigð eða heilsufar. Og við [krefjumst þess sama frá auglýsendum](#) sem nota þjónustur okkar.

þjónar víðsvegar um heiminn

Við rekum gagnaver um [allan heim](#) til að tryggja að vörur okkar séu ávallt aðgengilegar notendum.

þjónustur til að hringja og taka á móti símtölum eða senda og taka við skilaboðum

Dæmi um slíkar þjónustur eru:

- Google Voice, til að hringja og móttaka símtöl, senda SMS-skilaboð og stjórna talhólfum
- Google Meet, til að hringja og móttaka myndsímtöl
- Gmail, til að senda og móttaka tölvupóst
- Google Chat, til að senda og móttaka skilaboð
- Google Duo, til að senda og móttaka myndsímtöl og senda og móttaka skilaboð
- Google Fi, fyrir símaáskrift

Þriðju aðilar

Við vinnum til dæmis úr upplýsingunum frá þér til að senda rétthöfum tölfraði um hvernig efnið frá þeim var notað á þjónustum okkar. Við vinnum hugsanlega einnig úr upplýsingunum frá þér ef fólk leitar að nafninu þínu og við birtum leitarniðustöður vefsíðna sem innihalda opinberar upplýsingar um þig.

Öryggi og áreiðanleiki

Dæmi um hvernig við notum upplýsingar frá þér til að halda þjónustum okkar öruggum og áreiðanlegum eru m.a.:

- Söfnun og greining á IP-tölum og gögnum fótspora til að veita vernd gegn misnotkun sem gerð er með sjálfvirkum hætti. Slík misnotkun tekur á sig ýmsar myndir, þar á meðal eru ruslpóstsendingar til notenda Gmail, þjófnaður á peningum frá auglýsendum með því að smella með sviksamlegum hætti á auglýsingar eða ritskoðun á efni með svokallaðri DDoS-árás.
- Eiginleikinn sem kallast „síðasta aðgerð“ getur hjálpað þér að finna út hvort og þá hvenær einhver opnaði tölvupóstinn þinn án þinnar vitneskju. Þessi eiginleiki sýnir þér upplýsingar um síðustu aðgerðir í Gmail, eins og IP-tölur þeirra sem opnuðu tölvupóstinn, staðsetningu þeirra og dagsetninguna og tímann sem aðgangurinn átti sér stað. [Nánar](#)